ÁRSSKÝRSLA 2019 - 2020

VR 2020
Umbrot/útlit: Tómas Bolli Hafþórsson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur og úr auglýsingaherferð VR „*Stytting vinnuvikunnar*"
Prentun: Svansprent

Athugið að fjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslunni sem vísa til rekstrs eða sjóða félagsins miða við almanaksárið en upplýsingar um starfsemi félagsins að öðru leyti miða við starfsár stjórnar á milli aðalfunda, nema annað sé tekið fram

EFNISYFIRLIT

Félagið í hnotskurn **4**

Ávarp formanns **6**
Stjórn VR starfsárið 2019 – 2020 7

Kjarasamningar **8**
Verkfallsaðgerðir samþykktar 8
Lífskjarasamningurinn 8
Aðrir kjarasamningar 9

Kjaramál **10**
Þjónusta kjaramálasviðs 10
Vinnustaðaeftirlit 10
Dómsmál 11

Sjúkrasjóður **12**
Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR 12
Sjúkradagpeningar 12
Breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR 12
Breytingar á starfsreglum Sjúkrasjóðs VR 13
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2019 – 2020 13

Orlofsmál **14**
Nýting orlofshúsa 2018 - 2019 14
Ný orlofshús 14
Afsláttarmiðar og kort 14
Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2019 – 2020 14
Ný reglugerð Orlofssjóðs VR 15

Fræðslumál **16**
Starfsmenntamál 16
Lykiltölur úr ársreikningum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar 17
Stjórnir starfsmenntasjóða starfsárið 2019 – 2020 17

VIRK - starfsendurhæfingarsjóður **18**
Hvatning og stuðningur 18

Ályktanir, yfirlýsingar og fundir, nefndir **19**
Samþykkt stjórnar VR vegna hækkunar á vöxtum á sjóðfélagalánum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 19
Stjórn VR lýsir yfir stuðningi við baráttu Eflingar 19
Yfirlýsing vegna Covid-19 veirunnar 19
Fundir starfsárið 2019 – 2020 19
Nefndir og stjórnir 19
Erlend samskipti 21

Starfsemi og rekstur félagsins **22**
Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa 22
Stjórnarhættir 22
Persónuvernd 23
Stefnur VR 23
Lagabreytingar 23
Breytingar á fulltrúum VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 23
Starfsemi þjónustudeildar 2019 24
VR varasjóður 24
Félagsmál 24
Rannsóknir og kannanir 26
Útgáfu- og kynningarmál 27
Fyrirlestrar, námskeið og fræðsla 27
Skipulag skrifstofu VR 28
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2020 28
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2019 29
Trúnaðarráð 29
Trúnaðarmenn á vinnustöðum 29
VR annual report 2019 – 2020 30

Ársreikningur 2019 **34**
Skýrsla stjórnar 34
Áritanir 35
Rekstrarreikningur 2019 37
Efnahagsreikningur 31. desember 2019 38
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019 39
Skýringar – yfirlit um rekstur sjóða VR árið 2019 40
Skýringar – efnahagur sjóða VR 31. desember 2019 41
Skýringar 42

FÉLAGIÐ Í HNOTSKURN

Almenn starfsemi og þjónusta 2018 - 2019

	2019	2018
Fjöldi félagsmanna	37.375	36.029
Fjöldi sem greiddi til félagsins a.m.k. einu sinni á árinu	48.326	47.506
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.920	1.947
Starfsmennta- og tómstundastyrkir, fjöldi félagsm.	8.159	7.381
Styrkir úr VR varasjóði, fjöldi félagsmanna	17.141	16.449
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	1.552	1.471
Fjöldi nýskráðra í þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR	397	394
Nýting orlofshúsa, fjöldi útleiga	4.920	4.621

Þróun kaupmáttarvísitölu VR



Vísitalan miðar nú við miðgildi launa yfir lágmarkslaunum en áður var miðað við stífð meðallaun.

Lykiltölur VR 2019 – Rekstrarreikningur

Félagsgjöld	1.479.208.543
Sjúkrasjóðsiðgjöld	2.059.076.529
Orlofssjóðsiðgjöld	504.817.137
Leiga orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta	301.181.134
Aðrar tekjur	198.010.960
Samtals tekjur	**4.542.294.303**
Bætur og styrkir	2.010.258.238
Greiðsla úr varasjóði	686.722.743
Rekstrargjöld	2.055.437.784
Samtals gjöld, bætur og styrkir	**4.752.418.765**
Fjármagnsliðir	1.137.371.060
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	**927.246.598**

Fjöldi kjaramála



Fjöldi án veittra atvinnuleyfa til erlendra félagsmanna.

Lykiltölur VR 2019 – Efnahagsreikningur

Varanlegir rekstrarfjármunir	1.909.857.413
Verðbréf og verðbréfasjóðir	11.944.768.131
Aðrar kröfur	524.429.756
Samtals eignir	**14.379.055.300**
Eigið fé	13.700.543.688
Skuldir	678.511.612
Eigið fé og skuldir	**14.379.055.300**

Atvinnuleysi félagsmanna í nóvember ár hvert



Breyting á launavísitölu VR milli ára



Vísitalan miðar nú við miðgildi launa yfir lágmarkslaunum en áður var miðað við stífð meðallaun.

Fjöldi félagsmanna



Greiðslur úr Sjúkrasjóði VR, fjöldi pr. 1.000 félagsm.



Í ársskýrslu starfsárið 2018-2019 var birt röng tala fyrir árið 2018. Beðist er velvirðingar á því.

Mínar síður á vr.is



Kynjabókhald VR 2019



Greiðslur úr VR varasjóði 2019



ÁVARP FORMANNS

Árið 2019 var án nokkurs vafa það viðburðarríkasta frá því ég kom inn í stjórn VR fyrir 11 árum. Árið var einnig það besta ef litið er til starfsársins sem einkenndist af samheldni og góðu samstarfi trúnaðarráðs og stjórnar þó málin hafi verið mörg, stór og krefjandi. Og ekki síst ber að þakka öllu því frábæra starfsfólki sem vinnur á skrifstofu VR.

Félagsmenn hafa aldrei verið fleiri eða 37.375 og hefur þeim fjölgað mikið síðustu ár en sem dæmi voru félagsmenn VR 14.981 árið 1997. Það er ekki þar með sagt að starfið sé alltaf dans á rósum þó vindurinn frá baklandinu sé þéttur í bakið. Landslag verkalýðshreyfingarinnar hefur breyst mikið og hjá okkur verslunarmönnum sérstaklega. Það er hart að tilveru hreyfingarinnar sótt vegna tækniþróunar og með gylliboðum gervistéttarfélaga sem hafa það að sérstöku markmiði að draga úr samtakamætti hreyfingarinnar og græða peninga í leiðinni; félaga sem auglýsa sig sem lággjaldafélög, fara ekki í verkföll, bjóða upp á mjög takmarkaða þjónustu og úthýsa sjúkrasjóðum sínum til tryggingarfélaga þar sem félagsmenn þurfa að veita aðgang að heilsufarsupplýsingum sínum til að eiga möguleika á að vera gjaldgengir. Þessi félög ganga jafnvel svo langt að segja laun félagsmanna sinna taka kjarasamningsbundnum hækkunum VR.

Sameining VR og Verslunarmannafélags Suðurnesja (VS) varð að veruleika á árinu eftir að félagsmenn VS samþykktu með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða að sameinast VR, eða 83%, og var sameiningin svo samþykkt samhljóða á aðalfundi VR 2019. Þar með var enn eitt skrefið tekið í þá átt að sameina verslunar- og skrifstofufólk í eitt landsfélag.

Stóra málið var svo Lífskjarasamningurinn sem að mörgu leiti brýtur blað í sögu verkalýðshreyfingarinnar með þríhliða samkomulagi við stjórnvöld og atvinnulífið í að beina kjarabótum til lægri- og millitekjuhópa, með krónutöluhækkunum og aðgerðum til að lækka skatta og lækka kostnaðinn við að lifa. Á fjórða þúsund félagsmanna VR tóku þátt með beinum eða óbeinum hætti í að móta kröfugerð félagsins í aðdraganda samninganna og hafa aldrei fleiri tekið þátt í slíkri vinnu í sögu félagsins. Þar bar styttingu vinnuvikunnar hæst, húsnæðismálin, vexti og verðtryggingu ásamt fjölda atriða sem náðust að hluta eða miklu leiti í samningunum. Í fyrsta skipti var settur inn hagvaxtarauki þannig að launafólk mun njóta góðs af því með auknum launahækkunum ef vel gengur í þjóðfélaginu og skipta því með sér mögulegum ávinningi hagvaxtar.

Bylting og breytingar munu verða á húsnæðismarkaði nái tillögur okkar fram að ganga varðandi stuðning við fyrstu kaupendur með hlutdeildarlánum og nýja löggjöf til að stuðla að aukinni leigugvernd ásamt fyrsta skrefi í afnámi verðtryggingarinnar frá því henni var komið á. Breytingar á skattkerfinu og aukinn stuðningur við barnafjölskyldur og lenging fæðingarorlofs eru meðal þess sem er inni í um 80 milljarða króna pakka sem ríkisstjórnin lagði til Lífskjarasamningsins. Samningurinn er hinsvegar mjög afturhlaðinn sem þýðir að mestu kjarabæturnar eiga eftir að koma fram. Til lengri tíma litið mun samningurinn auka búsetu- og framfærsluöryggi til mikilla muna sem var eitt meginstefið í kröfugerð VR ásamt því að vinna að meira jafnvægi vinnu og einkalífs sem svo sannarlega tókst vel með styttingu vinnuvikunnar. Við munum halda áfram á þessari vegferð í næstu samningum.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna var mikið í umræðunni á starfsárinu en eftir að stjórn sjóðsins ákvað að hækka vexti á einum lánaflokki sjóðsins, þvert á vaxtastefnu Seðlabankans, tók stjórn VR þá ákvörðun að skipta út fjórum stjórnarmönnum okkar vegna

trúnaðarbrests. Taldi stjórn VR ákvörðun sjóðsins ólögmæta sem síðar var staðfest af Neytendastofu. Stjórn VR þurfti að stefna stjórn sjóðsins og fjármálaeftirlitinu, sem samþykkti ekki þá breytingu á stjórn sjóðsins sem VR boðaði, og var höfðað dómsmál í framhaldi. VR hafði fullnaðarsigur í því máli með samkomulagi og tók ný stjórn við um mitt síðasta ár.

Af öðrum stórum og mikilvægum málum má nefna að framtíðarnefnd félagsins er að vinna frábært starf þar sem markmiðið er að VR verði leiðandi þegar kemur að umræðunni um og viðbrögðum við þeim miklu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir varðandi tæknibreytingar. Einnig hófum við tímamóta samstarf við Neytendasamtökin í baráttunni gegn smálánafyrirtækjunum. Alþýðusambandið hefur stigið þar inn líka en það veit á gott þegar þessi öflugu samtök sameinast í baráttunni gegn lögbrotum og óréttti.

Hafinn var undirbúningur að því að virkja öldungaráð VR sem og undirbúningur að því að koma af stað ungliðastarfi VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna (LÍV). VR í samstarfi við Gráa herinn kom af stað málsóknarsjóði þar sem ríkinu hefur verið stefnt vegna skerðinga á lífeyri eldri borgara.

Ársþing LÍV var haldið á starfsárinu og var undirritaður kjörinn formaður sambandsins. Þingið tókst mjög vel og voru helstu niðurstöður þær að áhersla verður lögð á ungliðastarf og sameiningu verslunarmanna í eitt landsfélag.

Sjúkrasjóðir stéttarfélaga hafa ekki farið varhluta af mikilli aukningu kulnunar í starfi og streitutengdra sjúkdóma. Einhverjir sjóðir hafa þurft að skerða bótarétt niður í allt að tvo mánuði ásamt skerðingu annarra réttinda. Greiðslur sjúkradagpeninga VR árið 2019 fóru í hæsta hlutfall í sögu félagsins eða 91,9% af iðgjöldum og þurfti því að stytta tímabundið greiðslutímabilið úr níu mánuðum í sjö mánuði. Til samanburðar var hlutfall greiðslu sjúkradagpeninga árið 2007 46,8% af iðgjöldum. Eftir sem áður stendur Sjúkrasjóður VR mjög vel og er sá öflugasti í samanburði við önnur stéttarfélög.

Áframhaldandi uppbygging orlofshúsa félagsins er í fullum gangi og hefur ekkert verið slegið af í þeim efnum.

Starfsmenntamálin voru sérstaklega fyrirferðarmikil á árinu og ber hæst að nefna útskrift fyrsta hópsins úr fagháskólanámi í verslunarstjórnun, fagnám í verslun á framhaldsskólastigi og Stafræna hæfnihjólið sem óhætt er að segja að hafi slegið rækilega í gegn.

Þó starfsárið hafi verið afar viðburðarríkt eru blikur á lofti í íslensku samfélagi sem og heimshagkerfinu öllu vegna COVID-19 veirunnar sem barst til Íslands í upphafi árs 2020. Þegar þetta er skrifað hafa yfirvöld lýst yfir neyðarstigi og samkomubanni og mikil óvissa ríkir um áhrifin á stöðu launafólks á vinnumarkaði, hagkerfið og samfélagið allt. Þær aðgerðir sem stjórnvöld grípa til verða að tryggja afkomu og velferð okkar allra og huga sérstaklega að stöðu þeirra sem standa höllum fæti. Það var þó gleðiefni að opinberu félögin og Efling skrifuðu undir kjarasamninga sem gerir okkur kleift að einbeita okkur betur að og vinna sameiginlega að þeim áskorunum sem framundan eru. Það hefur sjaldan verið mikilvægara að við sem þjóð snúum bökum saman og leggjumst á eitt til að komast út úr þeirri niðursveiflu sem framundan er.

Ég vil þakka stjórn, trúnaðarráði, starfsfólki og félagsmönnum öllum fyrir viðburðarríkt og gott starfsár og hlakka til að takast á við nýjar áskoranir með nýju fólki á komandi starfsári.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

Á myndinni eru, efri röð frá vinstri, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Dóra Magnúsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Helga Ingólfsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Selma Árnadóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Sitjandi frá vinstri eru Sigurður Sigfússon, Harpa Sævarsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Á myndina vantar Önnu Þóru Ísfold.

STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2019 - 2020

Ragnar Þór Ingólfsson formaður

Harpa Sævarsdóttir varaformaður

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir ritari

Anna Þóra Ísfold (frá nóvember 2019), Arnþór Sigurðsson, Björn Kristjánsson (til nóvember 2019), Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson (til júní 2019), Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon og Þorvarður Bergmann Kjartansson (frá júní 2019).

Varamenn: Sigmundur Halldórsson.

Ólafur Reimar Gunnarsson sagði sig úr stjórn VR í júní 2019 og Björn Kristjánsson í nóvember 2019.

KJARASAMNINGAR

Nýir kjarasamningar voru undirritaðir á almenna vinnumarkaðnum í byrjun apríl 2019 eftir erfiðar kjarasamningaviðræður og verkfallsaðgerðir, þær fyrstu hjá félagsmönnum VR í rúm þrjátíu ár. Í ársskýrslu VR fyrir starfsárið 2018 til 2019 er ítarlega fjallað um aðdraganda verkfalls og framvindu kjarasamningaviðræðna VR og viðsemjenda frá því að félagið hóf undirbúning sinn snemma vors 2018 en samningar VR og atvinnurekenda runnu út í árslok það ár. Viðræður hófust formlega í október 2018 en þær skiluðu engum árangri og var deilunni vísað til ríkissáttasemjara undir lok árs. Skömmu áður hóf VR samstarf við tvö önnur stéttarfélög í kjarasamningaviðræðunum, Eflingu stéttarfélag og Verkalýðsfélag Akraness. Viðræður hófust undir stjórn sáttasemjara en lítið þokaðist í samkomulagsátt. Síðari hluta febrúar 2019 veitti stjórn VR, sem jafnframt er samninganefnd félagsins, formanni heimild til að lýsa yfir árangursleysi viðræðna og undirbúningur verkfallsaðgerða hófst.

VERKFALLSAÐGERÐIR SAMÞYKKTAR

Atkvæðagreiðsla um verkfall stóð dagana 5. til 12. mars 2019 meðal félagsmanna í hópbifreiðafyrirtækjum á félagssvæði VR og í gistiþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Á kjörskrá voru 959 félagsmenn VR og var kosningaþátttaka 60,3%. Alls samþykktu 52,3% verkfallsaðgerðir en 45,3% voru á móti. Sólarhringsverkfall hófst svo á miðnætti aðfaranótt 22. mars 2019. Fyrirhuguðum verkföllum viku síðar var hins vegar aflýst þann 27. mars eftir að umræðugrundvöllur um kröfur VR skapaðist á fundi félagsins með Samtökum atvinnulífsins og viðræður hófust að nýju.

Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs VR samþykkti þann 22. mars 2019 drög að starfsreglum Vinnudeilusjóðs vegna verkfalls félagsins í mars það ár. Drögin voru lögð fyrir stjórn sem samþykkti þau. Alls voru greiddar 9,4 milljónir króna úr Vinnudeilusjóði til 386 félagsmanna vegna verkfalls í mars 2019.

LÍFSKJARASAMNINGURINN

Öllum fyrirhuguðum verkföllum VR var svo aflýst í byrjun apríl 2019 en kjarasamningar náðust aðfaranótt 2. apríl, með fyrirvara um aðkomu stjórnvalda. Samningarnir, sem almennt ganga undir heitinu Lífskjarasamningurinn, fela í sér nýja nálgun til bættra lífskjara. Meginþunginn er á kjarabætur til þeirra lægstllaunuðu en um það var almenn sátt í samfélaginu. Samið var um krónutöluhækkanir eins og lagt var upp með þegar samningaviðræður hófust en auk þess var samið um að tengja launahækkanir að hluta þróun hagvaxtar sem og árlega endurskoðun taxtalauna í ljósi launaþróunar á almennum vinnumarkaði. Þá gera kjarasamningar VR og atvinnurekenda ráð fyrir styttri vinnuviku félagsmanna VR sem nemur 45 mínútum á viku frá og með 1. janúar 2020 en stytting vinnuvikunnar var eitt helsta áherslumál VR í samningaviðræðunum. VR var eina stéttarfélagið sem samdi um styttingu vinnuvikunnar, óháð kaffitímum eða vinnustaðasamningum.

Í kjölfar undirritunarinnar kynnti ríkisstjórnin viðamikinn aðgerðarpakka til að styðja við nýgerða kjarasamninga. Gildistími samninganna er frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022.

VR gerir heildarkjarasamning við Samtök atvinnulífsins (SA) annars vegar og Félag atvinnurekenda (FA) hins vegar. Meirihluti félagsmanna starfar samkvæmt samningi við SA og er í umfjöllun um nýja kjarasamninga hér að neðan horft til nýs samnings VR og SA.

Helstu atriði nýs kjarasamnings VR og Samtaka atvinnulífsins

Árleg launahækkun á samningstímanum felur í sér fasta krónutöluhækkun, hækkun tengda hagvaxtarþróun og endurskoðun í ljósi þróunar launavísitölu á vinnumarkaði.

Samningsbundnar launahækkanir á krónutöluformi

Launahækkanir eru allar í krónum talið og hækkar láglaunafólk meira í launum en þeir tekjuhærri. Hækkun launataxta á samningstímanum er alls 90 þúsund krónur en almenn hækkun er 68 þúsund krónur. Öll laun hækka jafnt fyrsta árið en á árunum 2020 til 2022 hækka launataxtar meira í krónum talið en laun sem eru umfram taxta.

2019 = Öll laun hækka um kr. 17 þúsund á mánuði frá og með 1. apríl.

2020 = Taxtar hækka um kr. 24 þúsund á mánuði en almenn hækkun er kr. 18 þúsund frá og með 1. apríl.

2021 = Taxtar hækka um kr. 24 þúsund á mánuði en almenn hækkun er kr. 15.750 frá og með 1. janúar.

2022 = Taxtar hækka um kr. 25 þúsund á mánuði en almenn hækkun er kr. 17.250 frá og með 1. janúar.

Landsframleiðsla ræður launaauka

Í samningnum er tenging við hagvaxtarstigið í landinu og hækka laun aukalega ef landsframleiðsla á mann eykst umfram tiltekin mörk. Þannig er launafólki tryggð hlutdeild í verðmætasköpuninni. Þessi launahækkun skilar sér að fullu til félagsmanna á taxtalaunum en 75% til þeirra sem taka laun umfram taxta og kemur til greiðslu í maí á hverju ári.

Launaþróunartrygging fyrir taxtalaun

Þriðji þáttur launahækkunar er launaþróunartrygging á taxtalaun sem greidd er út árlega og er markmiðið að tryggja að þeir félagsmenn sem taka laun samkvæmt töxtum fylgi almennri launaþróun, verði launaskrið á almennum vinnumarkaði. Launaþróunartryggingin er krónutöluhækkun sem bætist á kauptaxta 1. maí ár hvert.

Orlofsauki 2019

Orlofsuppbót hækkar árlega um eitt þúsund krónur, var kr. 50 þúsund 2019 og verður kr. 53 þúsund á árinu 2022. Auk þess var greiddur kr. 26 þúsund orlofsuppbótarauki til allra á árinu 2019.

Vinnutíminn styttur

Í samningi VR og Samtaka atvinnulífsins er gert ráð fyrir styttri vinnuviku félagsmanna VR, frá 45 mínútum að lágmarki í allt að tvo tíma, og auknum sveigjanleika. Markmiðið er að gera vinnu-

markaðinn fjölskylduvænni. Samningurinn gerir ráð fyrir því að samið verði um útfærslu styttingarinnar á hverjum vinnustað fyrir sig og átti slíkt samkomulag að liggja fyrir í byrjun desember 2019. Vegna styttingar vinnutíma breyttust allar deilitölur tímavinnukaups í dagvinnu, úr 170 tímum á mánuði hjá afgreiðslufólki í 167,94 tíma (með neysluhléum) og úr 160 tímum á mánuði hjá skrifstofufólki í 159,27 tíma (með neysluhléum). Ítarlegar er fjallað um þetta á vef VR en þar má jafnframt sjá kjarasamninginn í heild.

Nýr kjarasamningur milli VR og Félags atvinnurekenda

Skrifað var undir kjarasamning milli VR og Félags atvinnurekenda 5. apríl 2019 og var hann á sömu nótum og samningur VR og Samtaka atvinnulífsins nokkrum dögum fyrr.

Aðkoma ríkisins að Lífskjarasamningnum

Viðamiklar aðgerðir stjórnvalda á samningstíma Lífskjarasamningsins nema um kr. 80 milljörðum og er einkum ætlað að styrkja stöðu ungs barnafólks og tekjulægri. Þær gera til dæmis ráð fyrir mikilvægum skrefum í átt að afnámi verðtryggingarinnar, m.a. að verðtryggð jafngreiðslulán verði ekki heimiluð til lengri tíma en 25 ára. Fyrirhugað var að þessi ákvörðun kæmi til framkvæmda í upphafi árs 2020, en vinna við útfærslu hennar stóð enn yfir þegar ársskýrslan fór í prentun. Þá munu ný verðtryggð lán miðast við vísitölu án húsnæðisliðar. Heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á íbúðalán hefur verið framlengd í tvö ár og einnig verður heimilt að ráðstafa 3,5% lífeyrisiðgjalds skattfrjálst til húsnæðiskaupa.

Gerðar verða frekari breytingar á skattkerfinu sem fela í sér skattalækkun um alls tíu þúsund krónur þegar þær hafa komið að fullu til framkvæmda. Það er ígildi tæplega kr. 16 þúsund launahækkunar, fyrir skatt.

Breytingar á barnabótakerfinu, hækkun bóta um 16% og hækkun skerðingarmarka í kr. 325 þúsund á mánuði, munu að auki skila tekjulægri foreldrum og heimilum umtalsverðum ávinningi.

Samningur skapar skilyrði fyrir vaxtalækkun

Öll skilyrði voru til staðar fyrir vaxtalækkun í kjölfar samninganna á almenna vinnumarkaðnum; lítil skuldsetning, hátt sparnaðarhlutfall og rúmur gjaldeyrisvaraforði. Og Seðlabanki Íslands lækkaði stýrivexti strax í maí um 0,5 prósentur í 4% og hélt svo áfram á þeirri braut. Stýrivextir bankans voru 1,75% þegar ársskýrslan fór í prentun, um miðjan mars 2020 en lækkun um eitt prósentustig í mars má rekja til viðbragða bankans við efnahagslegum áhrifum COVID-19 veirunnar sem barst til Íslands í upphafi þess árs.

Kjarasamningar samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta

Nýir kjarasamningar voru kynntir á fundi trúnaðarráðs VR þann 4. apríl og á almennum félagsfundi þann 8. apríl en þeim fundi var jafnframt streymt á Mínum síðum á vef VR. Rafræn atkvæðagreiðsla stóð yfir dagana 11. – 15. apríl og voru niðurstöður birtar þann 24. apríl, á sama tíma og niðurstöður annarra félaga. Þær eru sem hér segir:

- Kjarasamningur VR við SA var samþykktur með 88,35% atkvæða, en já sögðu 6.277 félagsmenn og nei 700, eða 9,85%. Auð atkvæði voru 127 eða 1,7%. Á kjörskrá voru 34.070 félagsmenn. Alls greiddu 7.104 atkvæði og var kjörsókn því 20,85%.

- Kjarasamningur VR við FA var samþykktur með 88,47% atkvæða, en já sögðu 399 félagsmenn og nei 47, eða 10,42%. Auð atkvæði voru 5 eða 1,1%. Á kjörskrá um saming VR og FA voru 1.699 félagsmenn. Alls greiddi 451 atkvæði og var kjörsókn því 26,55%.

AÐRIR KJARASAMNINGAR

Sérkjarasamningur vegna félagsmanna VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna (LÍV) hjá **Flugfélagi Íslands** var undirritaður þann 12. júní 2019. Gildistími samningsins er frá 1. maí 2019 til 1. nóvember 2022 og er hann hluti af aðalkjarasamningi VR og SA. Samningurinn var samþykktur í atkvæðagreiðslu dagana 18. og 19. júní. Á kjörskrá voru 89 og var kjörsókn 56,2%. Já sögðu 40 eða 80% en nei sögðu 10 eða 20%.

Skrifað var undir kjarasamning við **Elkem Ísland á Grundartanga** þann 13. febrúar 2020. Hjá Elkem Ísland starfa 19 félagsmenn VR. Samningurinn felur í sér 2,5% hækkun launa, aukið orlof og breytingar á vöktum. Hann er til skamms tíma, gildir til 31. desember 2020. Samningurinn var borinn undir atkvæði fastráðinna starfsmanna þeirra fimm stéttarfélaga sem hann tekur til. Á kjörskrá voru 124 og var kosningaþátttaka 87%. Alls sögðu 79 já eða 73% en 28 sögðu nei eða 26%. Einn seðill var auður.

Skrifað var undir kjarasamning við **Rio Tinto** á Íslandi vegna starfsfólks í álverinu í Straumsvík þann 18. mars 2020. Samningurinn gildir frá 1. júní 2019 til 31. mars 2021 en í honum er opnunarákvæði af hálfu fyrirtækisins 30. júní 2020. Samningurinn byggir í öllum meginatriðum á þeim kjarasamningum sem þegar er búið að gera á íslenskum vinnumarkaði. Því til viðbótar náðust inn að hluta leiðréttingar þar sem laun starfsfólks í álverinu hafa dregist aftur úr öðrum samningum frá 2015. Samningurinn var undirritaður í kjölfar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sex stéttarfélaga starfsmanna hjá fyrirtækinu um boðun vinnustöðvunar en öll félögin samþykktu að grípa til aðgerða.

Um það leyti sem ársskýrslan fór í prentun hófst kynning á samningnum til félagsmanna stéttarfélaganna og var áætlað að atkvæðagreiðslu um hann lyki föstudaginn 27. mars 2020. Í kjölfar undirritunarinnar var verkfallsaðgerðum frestað til 7. apríl. Um er að ræða tvískiptan samning og tekur annar hluti hans til félagsmanna VR og Hlífar í Hafnarfirði. Atkvæðagreiðsla VR verður sameiginleg með Hlíf.

Þegar skýrslan fór í prentun stóðu yfir viðræður við **Norðurál** um nýjan kjarasamning.

KJARAMÁL

ÞJÓNUSTA KJARAMÁLASVIÐS

Sérfræðingar kjaramálasviðs veittu 3.495 félagsmönnum aðstoð á skrifstofu félagsins í Reykjavík árið 2019 samanborið við 3.312 árið áður. Aukning milli ára er 5,5%. Frá árinu 2016 nemur aukningin 32,6% en fjölgun félagsmanna á tímabilinu var 13,9%.

Sérfræðingar sviðsins stofnuðu alls 2.187 ný mál á árinu 2019 sem er 0,4% fækkun frá fyrra ári en þá voru málin 2.196. Mál eru stofnuð ef sérfræðingar sviðsins telja ástæðu til og/eða frekari aðstoðar er þörf en hægt er að veita í fyrstu heimsókn á skrifstofu eða símleiðis. Ef frá eru talin atvinnuleyfi fyrir erlenda félagsmenn voru ný mál alls 1.920 samanborið við 1.947 á árinu 2018. VR veitti 267 umsagnir um atvinnuleyfi eða aðeins fleiri en árið 2018 þegar þær voru 249 og höfðu þá aldrei verið fleiri. Ástæðuna má rekja til breytinga á reglum um atvinnuleyfi frá og með árinu 2018 þess efnis að námsmenn þurfa nú að fá umsóknir sínar stimplaðar frá stéttarfélagi en þurftu þess ekki fyrir þann tíma. Af 267 umsögnum um atvinnuleyfi á árinu 2019 voru 115 vegna nýrra leyfa en 152 vegna framlengingar á atvinnuleyfi. Umsögn stéttarfélags um atvinnuleyfi felur m.a. í sér að félagið gengur úr skugga um að laun séu ekki undir lágmarksákvæðum kjarasamninga.

Félagsmenn með erlent ríkisfang voru 10,8% af heildarfjölda félagsmanna að meðaltali árið 2019 en voru 33,1% af heildarmálafjölda kjaramálasviðs það ár sem er svipað hlutfall og árið áður.

Fjöldi mála í vinnslu

Um áramótin 2019 og 2020 var VR með 133 mál í vinnslu, þar af 68 mál hjá lögmanni félagsins. Alls voru 103 af þessum 133 málum vegna ársins 2019, 20 vegna ársins 2018 en 10 mál voru þaðan af eldri.

Árið 2019 fóru 35 fyrirtæki þar sem störfuðu félagsmenn VR í gjaldþrot, sex þeirra að kröfu VR, og sendi félagið kröfur í þrotabú fyrirtækjanna fyrir alls 383 félagsmenn. Þar af var WOW air stærst, með 220 kröfur. Af þessum 35 fyrirtækjum voru 23 með kröfur fyrir einungis einn til tvo starfsmenn sem er svipaður fjöldi og árið áður þegar þau voru 21 af 27 fyrirtækjum alls.

Fjöldi kjaramála 2018 og 2019



Lán til félagsmanna

Við gjaldþrot Wow air í mars 2019 ákvað stjórn VR að koma til móts við félagsmenn hjá flugfélaginu með lánveitingum gegn greiðslu frá Ábyrgðarsjóði launa. Samkvæmt samþykktum reglum um lánveitingar til félagsmanna er heimilt að veita félagsmanni lán þegar viðkomandi fær ekki greidd útistandandi laun við gjaldþrot fyrirtækis sem hann starfar hjá. VR lánaði sem nemur mánaðarlaunum til alls 193 félagsmannna sinna hjá Wow air, þó ekki hærri upphæð en sú hámarksupphæð sem Ábyrgðarsjóður launa tryggir. Þá fengu 19 félagsmenn sem störfuðu hjá Guðna bakaríi einnig slíka lánafyrirgreiðslu á árinu. Alls nam heildarupphæðin vegna beggja fyrirtækja 64,8 milljónum króna árið 2019.

VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Í ágúst árið 2010 tók gildi samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Eftirlitið annast fulltrúar sem heimilt er að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði sem undir lögin falla til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Eftirlitsfulltrúar VR eru tveir, annar er með starfsstöð á Selfossi en hinn í Reykjavík.

Ef eftirlitsfulltrúum er neitað um aðgengi að vinnustöðum eða ef atvinnurekandi eða starfsmenn bera ekki vinnustaðaskírteini á sér geta eftirlitsfulltrúarnir tilkynnt það til Vinnumálastofnunar sem getur krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests, að viðlögðum dagsektum. Eftirlitsfulltrúum er heimilt að leita aðstoðar lögreglu þegar slíkt þykir nauðsynlegt.

Skráningar 2019

Á árinu 2019 voru skráðir um 6.900 einstaklingar í nærri 300 fyrirtækjum í eftirlitskerfi vinnustaðaeftirlitsins, þar af rúmlega 2.000 í ferðum fulltrúa VR. Í eftirlitsheimsóknum eru starfandi einstaklingar skráðir í eftirlitskerfið en einnig eru starfskjör skoðuð sem og aðbúnaður starfsfólks, ef ástæða þykir til, og brot tilkynnt til viðkomandi stofnana, ef þurfa þykir. Ekki er haldin sérstök skráning á slíkum tilkynningum en farið er aftur í fyrirtækin að nokkrum tíma liðnum til að athuga hvort úrbætur hafi verið gerðar.

Ef vinnustaðaskírteini eru ekki til staðar er skrifuð eftirlitsskýrsla og voru um 90 skýrslur gerðar á vegum VR á árinu 2019. Gefinn er frestur til úrbóta og fyrirtækið heimsótt aftur að honum loknum. Hafi fyrirtæki þá ekki gert úrbætur er afrit af eftirlitsskýrslunni sent til Vinnumálastofnunar sem þá sendir aðvörunarbréf á viðkomandi fyrirtæki. Stofnunin hefur heimild til að beita dagsektum sem geta numið allt að einni milljón króna á dag.

VR hefur starfað að vinnustaðaeftirliti á höfuðborgarsvæðinu ásamt fulltrúa frá Eflingu. Í byrjun ágúst 2019 hætti eftirlitsfulltrúi

Eflingar störfum en ráðið var að nýju í starfið og hófst samstarf VR og Eflingar aftur í febrúar 2020. Af þessum sökum fækkaði skráningum á höfuðborgarsvæðinu milli ára. Hjá eftirlitsfulltrúa VR á Suðurlandi var eftirlit með hefðbundnu sniði.

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR



DÓMSMÁL

Af heildafjölda mála sem komu til kasta kjaramáladeildar VR á árinu 2019 fóru 48 til lögmanns VR til frekari innheimtu, að gjaldþrotamálum frátöldum. Alls var 17 málum lokið með sátt án aðkomu dómstóla en 12 enduðu með dómi eða dómsátt. Hér að neðan er stuttlega fjallað um tvö mál sem fóru fyrir dómstóla á árinu.

Í nóvember 2019 dæmdi Landsréttur félagsmanni VR í vil í máli sem atvinnurekandinn skaut til réttarins í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjaness þar sem fyrirtækinu var gert að greiða félagsmanninum rúmar þrjár milljónir króna vegna vangoldinna launa og orlofs. Málavextir voru þeir að eftir tólf ára starf hjá fyrirtækinu sagði félagsmaðurinn upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Undir lok frestsins gerðu aðilar með sér starfslokasamning um laun út frestinn, án vinnuskyldu, og orlof.

KJARAMÁL

Félagsmaðurinn fékk hins vegar ekki greidd laun fyrir síðasta mánuð sinn né orlof vegna meints trúnaðarbrots. Að sögn atvinnurekandans fól það í sér að félagsmaðurinn hafi undirbúið stofnun samkeppnisreksturs á meðan hann hafi enn verið á launum og leitað til viðskiptavina fyrirtækisins í þeim tilgangi að ná viðskiptunum til hins nýja samkeppnisreksturs.

Félagsmaðurinn hafnaði því að um trúnaðarbrot hafi verið að ræða og benti á að aðilar hafi gert með sér starfslokasamning sem fyrirtækið hafi ekki staðið við. Héraðsdómur Reykjaness dæmdi félagsmanninum í vil, fyrirtækið hafi ekki sýnt fram á, svo óyggjandi sé, að félagsmaðurinn hafi tekið þátt í stofnun annars fyrirtækis á starfstíma sínum og brotið trúnaðarskyldur sínar. Fyrirtækið vísaði málinu til Landsréttar sem tók undir með héraðsdómi, fyrirtækið hafi ekki getað með framlagningu gagna eða framburði vitna rennt frekari stoðum undir að félagsmaðurinn hafi verið virkur þátttakandi í stofnun samkeppnisrekstrarins. Var fallist á kröfur um greiðslu launa í uppsagnarfresti auk orlofs og málskostnaðar.

Seinna málið snýr að uppgjöri orlofs. Félagsmaðurinn átti við starfslok útistandandi orlof, um kr. 548 þúsund. Við uppgjör voru ekki greiddar nema kr. 365 þúsund og gerði félagsmaðurinn kröfu um mismuninn. Fyrirtækið hélt því fram að öllum starfsmönnum hafi verið sagt upp störfum vegna verkefnaskorts. Starfsfólki hafi verið heimilt að nýta þriggja mánaða uppsagnarfrest í atvinnuleit en gert að taka út orlofstíma á uppsagnarfresti. Vinnuveitandinn hélt því fram að félagsmaðurinn hafi ekki gert athugasemdir við þetta, en hafi undir lok uppsagnarfrestsins lýst því yfir að hann hafi ekki nýtt alla orlofsdaga sína og óskað eftir því að fá þá greidda. Því hafnaði vinnuveitandinn. Félagsmaðurinn skilaði inn læknisvottorði vegna veikinda síðustu daga uppsagnarfrestsins.

Félagsmaðurinn bendir á að ekki hafi legið fyrir samþykki um að hann tæki orlof á uppsagnarfresti og ekki hafi komið fram ótvíræð krafa um það, þó mælst hafi verið til þess. Hann hafi sinnt störfum sínum alla þá daga sem orlof hafi verið dregið af honum.

Í dómnum segir ljóst að framkvæmdastjóri fyrirtækisins hafi beint tilmælum til starfsmanna að taka útistandandi orlof út á uppsagnarfresti en það sé ósannað að félagsmaðurinn hafi gengist undir slíkt samkomulag. Einnig hafi félagsmaðurinn sinnt vinnuskyldum sínum á þeim tíma, fyrir utan veikindadaga. Dómurinn benti á dóm Hæstaréttar frá 1994, sem megi ekki skilja á annan veg en að launþega verði að óbreyttu ekki gert að sæta því, a.m.k. án hans ótvíræðs samþykkis, að réttindi varðandi orlof og uppsagnarfrest verði skert. Dómur féll félagsmanninum í vil og var fyrirtækinu gert að greiða orlof auk dráttarvaxta og málskostnað.

SJÚKRASJÓÐUR

STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR

Varðandi tekjur árið 2019 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

	2019		2018	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkra- og dagpeningar	1.335	1.919.709.464	1.265	1.739.607.271
Dánarbætur	131	52.378.275	96	41.853.244
Örorkubætur	10	17.432.730	13	33.186.100
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	113	20.737.769	106	18.290.864
Bætur og styrkir til félagsmanna samtals*	**1.552**	**2.010.258.238**	**1.471**	**1.832.937.479**
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga		17.175.798		15.317.765

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka

SJÚKRADAGPENINGAR

Greiðslur sjúkradagpeninga til félagsmanna hafa hækkað mikið undanfarin ár takt við fjölgun í helstu sjúkdómaflokkum, einkum geðröskunum og stoðkerfisvanda. Greiðslur sjúkradagpeninga á árinu 2019 voru alls 1.919.709.464 krónur sem er 10,4% hærra en árið 2018 eða 2,2% að teknu tilliti til launaþróunar og fjölgunar félagsmanna milli ára (miðað er við miðgildi launa félagsmanna).

Stærsti einstaki sjúkdómaflokkurinn er geðraskanir sem voru 36% af heildarupphæð sjúkradagpeninga árið 2019 sem er nánast sama hlutfall og árið áður. Alls fengu 1.335 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga árið 2019 samanborið við 1.265 árið 2018 og er fjölgunin milli ára 5,5%.

Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum sjóðsins hefur hækkað síðustu ár og var 91,9% á árinu 2019 samanborið við 67,9% árið 2017 og 88,1% árið 2018.

Afkoma Sjúkrasjóðs VR 2019

Rekstrarniðurstaða Sjúkrasjóðs VR árið 2019, án fjármagnsliða, var jákvæð um rúmlega tuttugu milljónir króna en var neikvæð árið 2018 um tólf milljónir króna.

1.335

félagsmenn fengu greidda sjúkradagpeninga árið 2019 samanborið við 1.265 árið 2018.

BREYTING Á REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS VR

Á aðalfundi VR þann 27. mars 2019 var samþykkt tillaga að breytingu á 10. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR á þann hátt að fjöldi daga í greiðslutímabili sjúkradagpeninga sé ákvarðaður af stjórn VR hverju sinni svo ekki þurfi að bíða eftir aðalfundi til að bregðast við stöðu sjóðsins. Í reglugerðinni segir jafnframt að greiðslutímabil geti aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglum fyrir sjúkrasjóði Alþýðusambands Íslands. Tillagan var samþykkt einróma.

Hér má sjá 10. gr. Reglugerðar Sjúkrasjóðs VR eftir þær breytingar sem samþykktar voru á aðalfundi.

Reglugerð Sjúkrasjóðs VR - 10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

Sjúkrasjóðurinn skal að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði skal meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama slysa- og/eða veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Í upphafi félagsaðildar skal ekki greiða sjúkra- og slysadagpeninga í fleiri daga en greitt hefur verið fyrir viðkomandi félagsmann í sjúkrasjóðinn og er þá miðað við þann dag sem greiðslan hefst. Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.3.

Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga, yngri en 18 ára, og vegna langvarandi veikinda maka. Um það gildi að öðru leyti sömu reglur og að ofan greinir.

Eigi félagsmaður rétt til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkra- eða slysadagpeninga. Nemi endurhæfingarlífeyrir lægri fjárhæð en sjúkra- eða slysadagpeningar er heimilt að greiða honum það sem upp á vantar í samræmi við sjúkradagpeningarétt hans.

Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunar-reglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

Sá sem hefur fullnýtt rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2019 – 2020

Dóra Magnúsdóttir sem er formaður, Guðrún Björg Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson (til ágúst 2019), Sigmundur Halldórsson (frá ágúst 2019) og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. **Varamaður:** Anna Þóra Ísfold.

Á myndinni eru frá vinstri Sigmundur Halldórsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Á myndina vantar Önnu Þóru Ísfold.

BREYTINGAR Á STARFSREGLUM SJÚKRASJÓÐS VR

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum í apríl 2019 að stytta hámark greiðslutímabils sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði VR úr 9 mánuðum í 7 mánuði, skv. nýrri heimild í reglugerð sjóðsins sem samþykkt var á aðalfundi 2019. Styttingin kom til framkvæmda 17. apríl. Helsta ástæða þessarar breytingar er gríðarleg aukning útgreiðslna úr sjóðnum á síðustu árum og þá helst í sjúkdómaflokkum geð og stoðkerfis.

Þá samþykkti stjórn á fundi í janúar 2020 breytingar á starfsreglum sjóðsins sem rekja má til breytinga á lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 þess efnis að ökutæki sem eingöngu eru ætluð til aksturs utan vega eða í brautum og skráð eru sem torfærutæki eru undanþegin vátryggingaskyldu en áður var skylt að tryggja ökumann á slíkum tækjum. Í ljósi þessara breytinga voru samþykktar breytingar á 2. og 4. gr. reglnanna og tekið fram þar að hvorki sjúkradagpeningar né slysabætur greiðist vegna skaðabótaskyldra slysa af völdum ökutækja sem undanþegin eru vátryggingaskyldu skv. ofangreindum lögum.

Skipting sjúkradagpeninga 2019



Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum



ORLOFSMÁL

Á árinu 2019 voru 73 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 16 orlofshús og eitt hótelherbergi á árinu. Útleigur ársins 2019 voru 4.920 samanborið við 4.621 árið 2018. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

NÝTING ORLOFSHÚSA 2018 - 2019

Auk húsa í eigu félagsins tók VR á leigu fjölmörg orlofshús sumarið 2019 og endurleigði til félagsmanna.

Nýting orlofshúsa

		Fjöldi gistinátta			
	Fjöldi húsa 2019	Framboð 2019	Notkun 2019	Nýting 2019	Nýting 2018
Akureyri	13	4.732	3.326	70,3%	74,1%
Miðhúsaskógur	26	9.464	4.389	46,4%	45,7%
Einarsstaðir	3	1.092	638	58,4%	56,4%
Húsafell	6	2.184	1.250	57,2%	56,3%
Flúðir	5	1.820	1.116	61,3%	61,4%
Reykjavík	3	1.092	888	81,3%	84,6%
Ölfusborgir	4	1.456	1.046	71,8%	69,4%
Fljótshlíð	2	728	429	58,9%	57,1%
Grímsnes	4	1.456	945	64,9%	49,3%
Önnur VR hús	5	1.673	935	55,9%	54,7%
Endurleiguhús (sumar)	15	1.575	1.507	95,7%	91,5%
Samtals	**86**	**27.272**	**16.469**	**60,4%**	**59,9%**

NÝ ORLOFSHÚS

VR gekk frá kaupum á nokkrum nýjum orlofshúsum á starfsárinu, í samræmi við ákvörðun stjórnar VR frá því í október árið 2016 um átak í fjölgun orlofshúsa. Tvö hús voru keypt á Akureyri sem voru tekin í notkun á starfsárinu og tvö hús í Svignaskarði og ein hæð á Ísafirði sem áætlað er að taka í notkun sumarið 2020. Þá bættust sex hús við orlofshúsakost VR í kjölfar sameiningar við Verslunarmannafélag Suðurnesja; eitt á hverjum stað í Ölfusborgum, Svignaskarði og á Flúðum, tvö í Hraunborgum og að auki ein orlofsíbúð á Akureyri.

Viðamiklum endurbótum á eldri húsum félagsins í Miðhúsaskógi lauk á árinu auk þess sem byggt var aðstöðuhús á svæðinu. Þá hefur vegurinn á orlofssvæðinu verið klæddur bundnu slitlagi.

4.920

Útleigur ársins 2019 voru 4.920 samanborið við 4.621 árið 2018.

AFSLÁTTARMIÐAR OG KORT

VR bauð félagsmönnum sínum afslátt í flug með Icelandair og Wow air á árinu 2019, þar til það síðarnefnda varð gjaldþrota í mars það ár. Í kjölfar gjaldþrots Wow air ákvað stjórn VR að endurgreiða þeim félagsmönnum sem keyptu gjafabréf með flugfélaginu en gafst ekki ráðrúm til að nýta þau fyrir gjaldþrotið. Alls var um að ræða 480 gjafabréf. Þá samþykkti stjórn VR í maí 2019 að fjölga gjafabréfum Icelandair sem félagsmenn gátu keypt á hverju almanaksári úr tveimur í fjögur. Sú ákvörðun gilti frá og með 1. janúar 2019. Á árinu 2019 seldi VR alls 8.347 gjafabréf í flug með félögunum tveimur samanborið við 7.939 árið áður.

VR selur einnig flugmiða innanlands með Flugfélaginu Erni og afsláttarmiða í pakkaferðir með Úrval Útsýn. Á árinu 2019 voru seldir 583 miðar með innanlandsfluginu og 79 miðar í pakkaferðir. Þá selur VR félagsmönnum sínum veiði-, golf- og útilegukort og voru 934 kort seld á árinu 2019.

FRAMKVÆMDASTJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2019 – 2020

Sigurður Sigfússon sem er formaður, Benedikt Vilhjálmsson (frá nóvember 2019), Björn Kristjánsson (til nóvember 2019), Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfsdóttir og Selma Árnadóttir.

Varamaður: Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir.

Á myndinni eru frá vinstri Selma Árnadóttir, Sigurður Sigfússon, Helga Ingólfsdóttir og Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir. Á myndina vantar Benedikt Vilhjálmsson og Hörpu Sævarsdóttur.

NÝ REGLUGERÐ ORLOFSSJÓÐS VR

Á aðalfundi þann 27. mars 2019 var samþykkt samhljóða ný reglugerð fyrir Orlofssjóð VR en eldri reglugerð hafði verið nær óbreytt frá árinu 1979. Ein helsta breyting frá fyrri reglugerð er að nú er komið samræmi á milli skipulags sjóða félagsins þannig að tiltekið er að stjórn VR sé stjórn Orlofsssjóðs VR en skipuð er sérstök framkvæmdastjórn sjóðsins. Ítarlega er kveðið á um hlutverk framkvæmdastjórnar sjóðsins í nýju reglugerðinni.

Reglugerðin er birt í heild hér að neðan en einnig má nálgast hana á vef félagsins.

Reglur Orlofssjóðs VR

1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

Sjóðurinn heitir: Orlofssjóður VR. Orlofssjóður VR er eign VR. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Sjóðfélagar

Sjóðfélagar í Orlofssjóði VR eru félagsmenn VR eins og þeir eru skilgreindir í 3. gr. laga VR.

3. gr. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að bjóða félagsmönnum VR fjölbreytta möguleika í orlofsmálum allan ársins hring á sanngjörnu verði.
Til að ná þessu markmiði er sjóðnum heimilt að:

a) eiga eða leigja orlofshús/orlofsaðstöðu víðsvegar um landið og einnig erlendis ef það er hagstætt.

b) bjóða til sölu orlofstengdar vörur og þjónustu

Á aðalfundi VR er heimilt að ákveða að hluti af orlofssjóðsiðgjaldi félagsmanna renni í VR varasjóð og greiðist úr honum samkvæmt reglugerð VR varasjóðs.

4. gr. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

a) iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt gildandi kjarasamningi hverju sinni.

b) leigutekjur

c) sölutekjur

d) vaxtatekjur

e) aðrar tekjur er til falla

5. gr. Stjórn og rekstur

Stjórn VR er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á afgreiðslum, útleigu og kaupum orlofshúsa ásamt öðrum fjárreiðum sjóðsins. Eftir aðalfund VR ár hvert skal stjórn VR fela fimm aðilum framkvæmdastjórn og tvo til vara til setu í framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR. Framkvæmdastjórn sjóðsins kýs sér sjálf formann og varaformann á fyrsta fundi hvers starfsárs. Framkvæmdastjórn sjóðsins heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það, er á fundunum gerist, skráð í sérstaka gerðarbók. Framkvæmdastjórn sjóðsins skal í störfum sínum hverju sinni taka mið af gildandi

orlofsstefnu VR og starfsreglum Orlofssjóðs VR og leita sífellt nýrra leiða í orlofsþjónustu við félagsmenn VR til að koma sem best til móts við mismunandi þarfir þeirra.

Stjórn VR markar og samþykkir orlofsstefnu VR en framkvæmdastjórn sjóðsins setur sjóðnum starfsreglur og breytir þeim eftir því sem þurfa þykir.

Framkvæmdastjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um daglegan rekstur og eignaumsjón sjóðsins í samráði við framkvæmdastjóra VR og starfsmenn. Allar meiriháttar ákvarðanir um fjármál og eignir sjóðsins verður framkvæmdastjórn sjóðsins að leggja fyrir stjórn VR til samþykktar.

Framkvæmdastjórn sjóðsins gerir tillögu um leigugjald fyrir gistingu sem sjóðurinn býður uppá til stjórnar VR sem tekur endanlega ákvörðun hverju sinni.

Skrifstofa VR sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði framkvæmdastjórnar sjóðsins.

Afgreiðsla sjóðsins er á öllum skrifstofum VR um landið.

6. gr. Ávöxtun sjóðsins og kostnaður við rekstur hans

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta skv. 26. gr. laga VR. Allan beinan kostnað við rekstur sjóðsins ber sjóðurinn sjálfur

7. gr. Reikningar sjóðsins og endurskoðun

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum VR og skal hann endurskoðaður með sama hætti og aðrir sjóðir VR.

Ársreikning sjóðsins skal leggja fram áritaðan af félagslegum skoðunarmönnum félagsins og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins. Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins.

8. gr. Sjóðurinn lagður niður

Hætti sjóðurinn störfum eða ákvörðun tekin um að honum verði slitið færast eignir hans í félagasjóð VR.

9. gr. Gildistaka og breytingar á reglugerð

Reglugerð Orlofssjóðs VR tekur gildi frá og með 27. mars 2019. Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi VR og fer með slíkar breytingar eins og um breytingar á lögum VR væri að ræða sbr. 28. gr. laga VR.

(Samþykkt í stjórn VR 25. ágúst 1972. Breytingar á gr. 2 samþykktar á aðalfundi 24. apríl 2006. Breytingar á öllum greinum á aðalfundi 27. mars 2019).

FRÆÐSLUMÁL

STARFSMENNTAMÁL

Á árinu 2019 voru greiddar rúmlega 698 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að samanborið við rúmlega 618 milljónir króna árið áður. Aukning milli ára er um 13% sem er töluvert minna en árið áður og bendir til þess að úthlutun styrkja sé að ná jafnvægi eftir stórar reglubreytingar og rýmkun styrkjahlutfalls árið 2018.

Umsóknir félagsmanna VR um styrk árið 2019 voru alls 10.501 en voru 9.340 árið áður. Frá árinu 2008 hefur fjöldi félagsmanna sem fær styrk rúmlega tvöfaldast. Á árinu 2019 fengu 665 félagsmenn greiddan uppsafnaðan þriggja ára styrk en þeir voru 584 árið 2018.

Starfsmenntanefnd VR

Starfsmenntanefnd VR var stofnuð árið 2013 en meðal verkefna hennar frá þeim tíma hefur verið að koma VR-Skóla lífsins í framkvæmd, móta heilsteypt nám í verslun sem tengist milli skólastiga og byggir á hæfnigreiningu starfa og þýða og bjóða upp á Stafræna hæfnihjólið. Á starfsári stjórnar 2019 – 2020 var haldið áfram að vinna með stefnu nefndarinnar. Í henni er lögð áhersla á að styrkja félagsmenn sem eru ekki búnir að ljúka formlegu námi og veita félagsmönnum tækifæri til þess að styrkja stafræna hæfni sína.

Stafræna hæfnihjólið

Árið 2016 útnefndi Evrópuþingið stafræna hæfni sem eitt af átta kjarnahæfnisviðmiðum símenntunar og er efling stafrænnar hæfni eitt af forgangsverkefnum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Í ljósi þessa ákvað starfsmenntanefnd VR að leita leiða til að styðja við bakið á félagsmönnum hvað varðar stafræna hæfni. Frá nóvember 2019 hefur VR boðið félagsmönnum aðgang að Stafræna hæfnihjólinu á vefnum, þýðingu á stafrænu sjálfsmatsprófi að danskri fyrirmynd. Fyrstu þrjá mánuðina luku rúmlega 3.200 einstaklingar sjálfsmati á vefsíðunni stafraenhaefni.is.

Meginmarkmið VR með Stafræna hæfnihjólinu er að gera félagsmönnum kleift að kortleggja eigin stafrænu hæfni og kynna þeim þá þætti sem flokkast almennt undir stafræna hæfni. Þannig geta þeir séð hvar þeir standa sig vel og hvar þeir geta bætt sig til þess að standast samanburð við aðra í sömu starfsgrein.

698 m. kr.

Á árinu 2019 voru greiddar rúmlega 698 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að.



Þróun náms í verslun og þjónustu

Á árinu 2019 var haldið áfram með þróunarvinnu um fagnám og raunfærnimat fyrir starfandi verslunarfólk á vegum starfsmenntasjóðanna, VR og Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ). Þróunarhópur með fulltrúum Verzlunarskóla Íslands, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Mímis og þriggja samstarfsfyrirtækja fundaði reglulega yfir árið. Tuttugu manna hópur hóf nám í janúar 2020 og 18 luku raunfærnimati.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og á vorönn 2020 voru 18 nemendur skráðir í námið.

Fræðslustjóri að láni

Árið 2019 bættust fimm ný fyrirtæki við í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni en þau voru 22 árið 2018. Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Úttekt var unnin á verkefninu á árinu sem veitir sjóðunum tækifæri til að endurskoða og bæta umgjörð verkefnisins.

Starfsgreinaráð

Hlutverk starfsgreinaráða er m.a. að veita mennta- og menningarmálaráðherra ráðgjöf um málefni starfsmenntunar á framhaldsskólastigi og gefa honum umsögn um námsbrautalýsingar sem skólar leita staðfestingar á. ASÍ tilnefnir fulltrúa í öll starfsgreinaráðin og á VR fulltrúa í tveimur þeirra.

Skipað var nýtt Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina 2019 og hefur ráðið fundað þrisvar sinnum. Verið er að móta hvaða stefnu ráðið mun taka og kortleggja helstu verkefnin.

Skipaðir voru nýir fulltrúar í Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina árið 2019. Haldnir voru sex fundir á árinu. Helstu verkefni ráðsins eru að stuðla að viðmiðum vegna prófþáttalýsinga fyrir sveinspróf og tryggja að þær séu í takt við hæfnikröfur starfa í greinunum sem og stuðla að frekari stuðningi við nema af erlendu bergi brotna í iðngreinunum.

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS OG STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNARINNAR

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2019 voru kr. 745 milljónir og gjöld kr. 822 milljónir. Eigið fé sjóðsins var kr. 951 milljón í lok árs 2019.

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2019 voru um kr. 40 milljónir og gjöld um kr. 38 milljónir. Eigið fé sjóðsins var um kr. 183 milljónir í lok árs 2019.

STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2019 – 2020

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (SA) sem er formaður, Teitur Lárusson (VR), Arndís Arnardóttir (SA), Eiður Stefánsson (LÍV), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR) og Sara Dögg Svanhildardóttir (SA).

Varamenn: Gils Einarsson (LÍV), Björg Ársælsdóttir (SA), Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir (VR) og Davíð Þorláksson (SA).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR) sem er formaður, Bjarndís Lárusdóttir (FA), Selma Kristjánsdóttir (VR/LÍV) og Anna Kristín Kristjánsdóttir (FA).

Fjöldi félagsmanna VR sem fékk fræðslustyrk



VIRK - STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð árið 2008 og byggir á samkomulagi í kjarasamningum um nýtt fyrirkomulag í starfsendurhæfingu. Árið 2012 bættust lífeyrissjóðir í hópinn og árið 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins.

Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Í dag starfa 10 starfsendurhæfingarráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þeir þjónustu við félagsmenn sem veikjast eða slasast þannig að vinnugeta þeirra skerðist. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

HVATNING OG STUÐNINGUR

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjölda úrræða á borð við sjúkraþjálfun, sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi námskeið, heilsurækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingarstöðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum. Á árinu 2019 voru 397 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 279 voru útskrifaðir.

397

einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR á árinu 2019

Framfærslustaða félagsmanna í lok þjónustu VIRK 2019



Fjöldi VR félaga í þjónustu hjá VIRK



SAMÞYKKT STJÓRNAR VR VEGNA HÆKKUNAR Á VÖXTUM Á SJÓÐFÉLAGALÁNUM LÍFEYRISSJÓÐS VERZLUNARMANNA

Á fundi sínum þann 18. júní 2019 samþykkti stjórn VR að halda fund í fulltrúaráði VR hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna (LV) til að taka afstöðu til tillögu um að afturkalla umboð stjórnarmanna félagsins í LV og skipa nýja stjórn til bráðabirgða. Samþykktin kom í kjölfar ákvörðunar stjórnar sjóðsins að hækka vexti á sjóðfélagalánum, sem að mati stjórnarinnar gekk þvert gegn áherslum verkalýðshreyfingarinnar í nýgerðum kjarasamningum á vinnumarkaði og jafngilti trúnaðarbresti fulltrúa VR í stjórninni við félagið. Sjá nánar á bls. 23.

STJÓRN VR LÝSIR YFIR STUÐNINGI VIÐ BARÁTTU EFLINGAR

Í aðdraganda verkfalla félagsmanna Eflingar stéttarfélags hjá Reykjavíkurborg í upphafi árs 2020 samþykkti stjórn VR stuðningsyfirlýsingu sem birt var á vef félagsins þann 29. janúar það ár. Í yfirlýsingunni sagði að það hlyti að vera eitt grundvallar mannréttinda- og baráttumál verkalýðshreyfingarinnar að geta lifað með mannlegri reisn af launum sínum.

YFIRLÝSING VEGNA COVID-19 VEIRUNNAR

Á fundi sínum þann 12. mars 2020 samþykkti stjórn yfirlýsingu vegna COVID-19 veirunnar þar sem skorað var á stjórnvöld að hefja tafarlausa vinnu við að bregðast við mögulegum áhrifum niðursveiflunnar á fjárhag heimilanna og tryggja að sömu mistökin og gerð voru eftir hrun endurtaki sig ekki. Stjórnin fagnar því að stjórnvöld grípi til mótvægisaðgerða vegna COVID-19 veirunnar en gerir alvarlegar athugasemdir við að hvergi sé að finna mótvægisaðgerðir fyrir félagsmenn og heimilin. Þá skorar félagið á stjórnvöld að tryggja launagreiðslur almenns launafólks t.d. með tímabundnum aðgerðum frá Atvinnuleysistryggingarsjóði. Einnig skorar VR á Seðlabankann að standa við sitt lögbundna hlutverk að halda verðbólgu lágri.

FUNDIR STARFSÁRIÐ 2019 – 2020

Stjórn VR fundaði alls 14 sinnum á starfsárinu.

Trúnaðarráð VR fundaði þrisvar sinnum á starfsárinu.

Alls voru haldnir þrír **félagsfundir** á starfsárinu. Sá fyrsti var haldinn þann 29. mars 2019 meðal félagsmanna hjá Wow air þar sem farið var yfir réttarstöðu starfsmanna flugfélagsins í kjölfar gjaldþrots þess. Þá var haldinn almennur félagsfundur þann 8. apríl þar sem nýr kjarasamningur var kynntur. Þriðji fundurinn var svo haldinn 16. september þar sem kosið var um fulltrúa félagsins á þing Landssambands ísl. verzlunarmanna.

Ársfundur deildar VR á Austurlandi fyrir árið 2019 var haldinn 9. maí það ár. Kristín María Björnsdóttir er formaður deildarinnar, kosin til tveggja ára árið 2018. Aðrir í stjórn eru Gunnar Heiðberg Gestsson sem var kosinn aðalmaður til tveggja ára árið 2018 og Ellen Rós Baldvinsdóttir sem var kosin aðalmaður til tveggja ára árið 2019. Varamenn eru Jón Guðmundur Björgvinsson, kosinn til tveggja ára árið 2018, og Ingunn Kjartansdóttir og Páll Jóhann Kristinsson sem kosin voru til tveggja ára árið 2019.

Ársfundur deildar VR á Suðurlandi fyrir árið 2019 var haldinn 29. maí það ár. Gils Einarsson er formaður deildarinnar, kosinn til tveggja ára 2019. Aðrir í stjórn eru Ásta Björk Ólafsdóttir, kosin aðalmaður til tveggja ára árið 2019, og Arndís Anna Sveinsdóttir, kosin aðalmaður til tveggja ára árið 2018. Varamenn eru Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Erlingsdóttir og Haraldur Pálsson sem kosin voru til ársins 2020.

Ársfundur deildar VR í Vestmannaeyjum fyrir árið 2019 var haldinn 21. maí það ár. Þórhildur Ragna Karlsdóttir er formaður deildarinnar, kosin á aðalfundi 2019 til tveggja ára. Aðrir aðalmenn í stjórn eru Sigurjón Lárusson og Katrín Sólveig Sigmarsdóttir, kosin 2018 til tveggja ára. Varamenn eru Guðni Friðrik Gunnarsson, kosinn til tveggja ára árið 2018, og Ragna Steina Snæfells og Guðný Hrefna Einarsdóttir, kosnar til tveggja ára árið 2019.

31. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna (LÍV) var haldið 18. – 19. október 2019 á Akureyri. VR átti 73 fulltrúa á þinginu. Helstu umræðuefni voru stytting vinnuvikunnar og áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á vinnumarkað framtíðar. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, var endurkjörinn formaður LÍV en engin mótframboð bárust. Ragnar Þór tók fyrst við formennsku í mars 2019 þegar þáverandi formaður, Guðbrandur Einarsson, sagði af sér.

NEFNDIR OG STJÓRNIR

Í uppstillinganefnd 2020 - 2021 sitja Ragnar Þór Ingólfsson sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Helga Bryndís Jónsdóttir, Magnús Þorsteinsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Stefán Viðar Egilsson. Varamenn eru Ágústa Harðardóttir, Þórður Mar Sigurðsson, Steinar Viktorsson og Sara H. Guðbjörnsdóttir. Hlutverk uppstillinganefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingu nefndarinnar. Auglýst var 9. janúar 2020 og var framboðsfrestur til 17. janúar 2020. Uppstillinganefnd VR samþykkti svo lista stjórnar og trúnaðarráðs á fundi sínum þann 17. janúar 2020 og var hann lagður fyrir fund trúnaðarráðs 20. janúar þar sem hann var samþykktur. Á listanum var 41 fulltrúi en helmingur trúnaðarráðs er í kjöri hvert ár.

Í launanefnd sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir og Sigurður Sigfússon. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra félagsins.

Í húsnæðisnefnd sitja Bjarni Þór Sigurðsson sem er formaður, Arnþór Sigurðsson, Helga Ingólfsdóttir, Selma Árnadóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Varamenn eru Friðrik Boði Ólafsson og Jóhann Már Sigurbjörnsson. Húsnæðisnefnd ber að móta

ÁLYKTANIR, YFIRLÝSINGAR OG FUNDIR, NEFNDIR

skýra og heildræna stefnu félagsins í húsnæðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsmanna.

Í laganefnd sitja Sigmundur Halldórsson sem er formaður, Arnþór Sigurðsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir. Hlutverk laganefndar er að yfirfara og koma með tillögur til breytinga á lögum VR og stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

Framtíðarnefnd VR var stofnuð á starfsári stjórnar 2019 – 2020 og voru starfsreglur nefndarinnar samþykktar á fundi stjórnarinnar í september 2019. Í nefndinni sitja Friðrik Boði Ólafsson sem er formaður, Björn Kristjánsson (til nóvember 2019), Helga Ingólfsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins og viðbrögð þess við breytingum í samfélaginu hverju sinni. Nýsamþykkta stefnu félagsins í málaflokknum má finna á vef VR og umfjöllun um hana á bls. 23. Stjórn VR samþykkti að auki aðgerðaráætlun í málaflokknum í janúar 2020.

Í starfsmenntanefnd sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem er formaður, Anna Þóra Ísfold (frá nóvember 2019), Björn Kristjánsson (til nóvember 2019), Friðrik Boði Ólafsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson (til ágúst 2019) og Sigmundur Halldórsson (frá ágúst 2019). Hlutverk starfsmenntanefndar VR er að móta skýra stefnu og verkferla félagsins í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsmanna. Menntastefnu VR má finna á vef félagsins.

Í jafnréttisnefnd sitja Anna Þóra Ísfold sem er formaður, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Varamaður er Selma Árnadóttir. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda á vinnumarkaði til að styrkja stöðu félagsmanna, án allrar aðgreiningar. Jafnréttisstefnu VR má finna á vef félagsins.

Í kjaramálanefnd/nefnd um félagsaðild sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem er formaður, Arnþór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Hlutverk nefndarinnar er að móta kröfugerð félagsins í kjarasamningaviðræðum sem og fylgjast með þróun félagsaðildar og marka stefnu hvað það varðar.

Í styrkjanefnd VR sitja Anna Þóra Ísfold sem er formaður, Arnþór Sigurðsson, Björn Kristjánsson (frá ágúst til nóvember 2019), Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson (til ágúst 2019), Sigmundur Halldórsson (frá nóvember 2019) og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Markmið með styrkveitingum VR er að styðja við þá starfsemi sem eflir félagsmenn, bætir stöðu þeirra og er lyftistöng menningarmála í landinu.

Umhverfisnefnd VR var stofnuð á starfsári stjórnar 2019 – 2020 og voru starfsreglur nefndarinnar samþykktar á fundi stjórnarinnar í júní 2019. Í nefndinni sitja Helga Ingólfsdóttir sem er formaður, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að vinna markmið og aðgerðaáætlun í samræmi við umhverfisstefnu VR sem birt er á vef félagsins.

Í framkvæmdstjórn Vinnudeilusjóðs VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Varamaður er Selma Árnadóttir. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsmönnum VR, sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkbanna, fjárhagsaðstoð.

Í öldungaráði VR sitja Benedikt Vilhjálmsson, Elín Elíasdóttir, Petrína Ragna Pétursdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Valur M. Valtýsson og Þorlákur Jóhannsson. Öldungaráð er foyrstusveit nýstofnaðrar Öldungadeildar VR sem er umræðu- og samráðsvettvangur félagsmanna VR 60 ára og eldri, sjá nánar bls. 25.

Í fulltrúaráði VR fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna sitja allir fimmtán aðalmenn í stjórn félagsins auk tíu annarra. Hlutverk fulltrúaráðsins er m.a. að staðfesta tilnefningar til stjórnar lífeyrissjóðsins og hafa eftirlit og aðhald með störfum stjórnarinnar. Í fulltrúaráði sitja eftirtaldir fyrir hönd VR: Anna Þóra Ísfold, Anna Þórðardóttir Bachmann, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Björgvin Ingason, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Bryndís Jónsdóttir, Helga Ingólfsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhann Bjarni Knútsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Magnús Þorsteinsson, Pálína Vagnsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Steinar Viktorsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson.

Í kjörstjórn VR sitja Magnús Norðdahl frá ASÍ sem er formaður, Þorsteinn Þórólfsson og Þóra Skúladóttir Öfjörð. Varamenn eru Jón Hrafn Guðjónsson og Pálína Vagnsdóttir. Varamaður Magnúsar er Halldór Oddsson. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félaginu samkvæmt reglugerð ASÍ.

ERLEND SAMSKIPTI

Höfuðborgarráðstefnan 2019 var haldin í Stokkhólmi dagna 27. til 29. maí og sóttu hana þrír fulltrúar frá VR. Meðal þess sem rætt var á ráðstefnunni voru mál tengd vinnuumhverfi og öryggi, afleiðingar kulnunar og þróun verslunar á tímum mikilla tæknibyltinga. Höfuðborgarráðstefnan er árlegur samstarfsvettvangur stéttarfélaga í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlandanna.

STARFSEMI OG REKSTUR FÉLAGSINS

ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA UM KJÖR VEGNA FRAMBOÐA TIL TRÚNAÐARSTARFA

Þann 31. janúar 2020 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2020 – 2022. Auglýst var eftir framboðum til sjö sæta í aðalstjórn VR til tveggja ára, tveggja sæta til eins árs og þriggja til vara sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 10. febrúar 2019.

Alls bárust 13 einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin. Ekkert mótframboð barst gegn lista trúnaðarráðs VR í listakosningu í trúnaðarráð félagsins og telst hann því löglega kjörinn. Listi yfir kjörna fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á vef félagsins.

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærra félagsmanna hófst kl. 12:00 á hádegi mánudaginn 9. mars og lauk kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 13. mars. Atkvæði greiddu 1.480 en á kjörskrá voru 37.043. Kosningaþátttaka var því 4%.

Atkvæði til stjórnar féllu þannig að Fríða Thoroddsen fékk 734 atkvæði, Sigríður Lovísa Jónsdóttir fékk 675 atkvæði, Selma Björk Grétarsdóttir fékk 544 atkvæði, Sigrún Guðmundsdóttir fékk 532 atkvæði, Bjarni Þór Sigurðsson fékk 484 atkvæði, Þorvarður Bergmann Kjartansson fékk 405 atkvæði, Friðrik Boði Ólafsson fékk 369 atkvæði, Jónas Yngvi Ásgrímsson fékk 361 atkvæði, Arnþór Sigurðsson fékk 352 atkvæði, Sigmundur Halldórsson fékk 344 atkvæði, Þórir Hilmarsson fékk 339 atkvæði, Jóhann Már Sigurbjörnsson fékk 247 atkvæði og Þórir Baldvin Hrafnsson 225 atkvæði.

Til stjórnar fengu eftirtaldir kosningu til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Fríða Thoroddsen
Bjarni Þór Sigurðsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Selma Björk Grétarsdóttir
Friðrik Boði Ólafsson
Sigrún Guðmundsdóttir

Til stjórnar fengu eftirtaldir kosningu til eins árs:

Jónas Yngvi Ásgrímsson
Arnþór Sigurðsson

Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs:

Sigmundur Halldórsson
Þórir Hilmarsson
Jóhann Már Sigurbjörnsson

STJÓRNARHÆTTIR

Starfsemi VR byggir á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum VR sem birt eru á vefsíðu félagsins. Stjórn VR starfar samkvæmt starfsreglum sem ætlað er að tryggja að starfshættir hennar séu í samræmi við almenna góða stjórnarhætti. Stjórn og starfsmenn VR starfa samkvæmt siðareglum sem m.a. miða að auknu gagnsæi, ábyrgð og heiðarleika í allri hagsmunagæslu félagsins fyrir félagsmenn. Í þjónustu og starfsemi leggur VR áherslu á gildi félagsins sem eru framsækni, fagmennska og forysta.

PERSÓNUVERND

VR leitast við að uppfylla persónulöggjöf sem í gildi er og hefur birt opinberlega persónuverndaryfirlýsingu félagsins í ljósi laga um persónuvernd nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem tóku gildi þann 15. júlí 2018. Yfirlýsingin greinir frá því hvernig VR stendur að söfnun, skráningu, vinnslu, vistun og miðlun persónugreinanlegra upplýsinga um félagsmenn sem og einstaklinga sem heimsækja vef félagsins. Yfirlýsingin er birt á vefsíðu félagsins. VR hefur að auki tilnefnt persónuverndarfulltrúa til að hafa umsjón með eftirfylgni reglnanna.

STEFNUR VR

Stjórn VR hefur samþykkt stefnur sem varða rekstur og starfsemi félagsins og hagsmunagæslu þess. Allar stefnur VR eru birtar á vef félagsins, vr.is. Hér að neðan er fjallað um nýjar stefnur og/eða breytingar á áður birtum stefnum. Auk þeirra sem hér eru tilgreindar hefur stjórn samþykkt öryggisstefnu, menntastefnu og upplýsingastefnu.

Skjalastefna VR

Á stjórnarfundi þann 14. ágúst 2019 var samþykkt skjalastefna félagsins. Tilgangur hennar er að tryggja öryggi gagna, rekjanleika og áreiðanleika og tekur stefnan til allra skjala sem tengjast eða geta tengst rekstri félagsins. VR einsetur sér að uppfylla lagalegar kröfur sem gerðar eru til félagsins, væntingar félagsmanna um afgreiðslu mála og verndun persónuupplýsinga auk þess að uppfylla ISO 15489 staðal um skjala- og upplýsingastjórnun.

Umhverfisstefna VR

Á fundi sínum þann 13. nóvember 2019 samþykkti stjórn VR umhverfisstefnu félagsins. Samkvæmt henni skal VR vera í fararbroddi í umhverfisvernd og taka meðvitaða stefnu til móts við sjálfbærari framtíð og nýta markvisst þann slagkraft sem félagið hefur sem stærsta stéttarfélag landsins. Í starfsemi sinni skal VR ávallt leggja áherslu á sjálfbæra nýtingu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í stefnunni segir að umhverfismál verði ávallt höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku um stefnumótun og fjárfestingar. Unnið er að aðgerðaráætlun í umhverfismálum.

Vinnumarkaður framtíðar – stefna VR

Á fundi sínum þann 11. desember 2019 samþykkti stjórn VR tillögu framtíðarnefndar félagsins um stefnu VR um vinnumarkað framtíðar. Þar segir að félagið stefni markvisst að því að hafa áhrif á þróun vinnumarkaðarins til framtíðar og koma í veg fyrir að stórar breytingar geti skert hagsmuni félagsmanna. Helstu áherslur VR séu jöfn dreifing gæða, hagsmunagæsla við breytingar á störfum og lýðræðisvæðing í fyrirtækjum (atvinnulýðræði).

Jafnréttisstefna

Gerðar voru breytingar á jafnréttisstefnu félagsins á starfsárinu þannig að nú er fastar kveðið á um áherslu félagsins á mannréttindi auk jafnréttis á vinnumarkaði óháð aldri, kyni, kynhneigð, kynvitund, þjóðerni, litarafti, trú eða stjórnmálaskoðunum. Meiri áhersla var lögð á umfjöllun um réttindi eldra fólks og fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði. Breytingarnar voru samþykktar á fundi stjórnar í nóvember 2019.

LAGABREYTINGAR

Á aðalfundi þann 27. mars 2019 lagði stjórn fram þrjár tillögur til breytinga á lögum félagsins sem allar voru samþykktar. Sú fyrsta skerpti á skipan trúnaðarráðs skv. 14. gr. þannig að varastjórn félagsins eigi sæti í ráðinu eins og aðalmenn í stjórn.

Önnur tillagan fjallaði um hæfi stjórnarmanna skv. 11 gr. Í greininni er nú kveðið á um að stjórnarmenn megi „ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi."

Þriðja tillagan kom til vegna sameiningar VR og Verslunarmannafélags Suðurnesja. Í 1. gr. laga VR, um félagssvæðið, var bætt við lögsagnarumdæmum Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar og sveitarfélagsins Voga.

BREYTINGAR Á FULLTRÚUM VR Í STJÓRN LÍFEYRISSJÓÐS VERZLUNARMANNA

Á fundi stjórnar VR þann 18. júní 2019 var samþykkt að boða til fundar í fulltrúaráði VR hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna (LV) til að taka afstöðu til tillögu um afturköllun umboðs stjórnarmanna félagsins í sjóðnum. Í samþykktinni segir að ekki sé hægt að líta á ákvörðun stjórnar sjóðsins frá því í maí, um að hækka breytilega vexti verðtryggðra sjóðfélagalána og hætta með opið og gagnsætt ákvörðunarferli þessara vaxtabreytinga, nema sem algeran trúnaðarbrest við félagið, stefnu þess og nýgerðan Lífskjarasamning.

Fundur var haldinn í fulltrúaráðinu þann 20. júní 2019 þar sem tillaga um afturköllun umboðs aðal- og varamanna VR í sjóðnum var samþykkt með 20 atkvæðum gegn einu. Fjórir aðalmenn og fjórir varamenn voru skipaðir til bráðabirgða; Bjarni Þór Sigurðsson, Guðríður Svana Bjarnadóttir, Helga Ingólfsdóttir og Stefán Sveinbjörnsson sem aðalmenn og Björn Kristjánsson, Oddur Gunnar Jónsson, Selma Árnadóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem varamenn. Stjórnarmaðurinn Ólafur Reimar Gunnarsson, sem gegnt hafði formennsku stjórnar LV fyrir hönd VR, sagði sig í kjölfarið úr stjórn VR og frá öllum trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Fjármálaeftirlitið gaf út stjórnvaldsákvörðun 3. júlí 2019 þess efnis að fyrrverandi stjórnarmenn lífeyrissjóðsins væru það enn, fulltrúaráðinu hafi ekki verið heimilt að afturkalla umboð þeirra, slíkt sé á valdi stjórnar félagsins. VR stefndi eftirlitinu til ógildingar þessari stjórnvaldsákvörðun sem félagið taldi haldna verulegum annmörkum. Áður en til efnismeðferðar kom var málið fellt niður þar sem náðist samkomulag við sjóðinn um að nýir stjórnarmenn tækju sæti í stjórn, samkvæmt ákvörðun stjórnar VR frá því í ágúst

STARFSEMI OG REKSTUR FÉLAGSINS

þar sem fyrri ákvörðun um nýja stjórnarmenn til bráðabirgða var áréttuð. Í kjölfarið var auglýst eftir nýjum stjórnarmönnum VR kjörtímabilið 2019 – 2023 sem tóku sæti í stjórninni í ágúst 2019. Aðalmenn eru Stefán Sveinbjörnsson sem er formaður stjórnar sjóðsins, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Johnsen og Helga Ingólfsdóttir en varamaður er Selma Árnadóttir.

STARFSEMI ÞJÓNUSTUDEILDAR 2019

Fulltrúar þjónustudeildar VR svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmenntasjóðina, Sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík á árinu 2019 var 16.448 sem er tæplega 10% fækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi símtala til félagsins á árinu var 51.561 sem er um 1% færri en árið á undan. Símtölum hefur fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum í takt við fjölgun rafrænna fyrirspurna og aukinnar notkunar á vefsvæði VR. Alls bárust 15.656 fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is á árinu 2019 sem er nær þriðjungi meira en árið 2018 þegar þær voru innan við 12 þúsund. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Egilsstöðum og Selfossi.

VR VARASJÓÐUR

VR varasjóður var stofnaður árið 2006 með það að markmiði að veita félagsmönnum meiri sveigjanleika í að nota inneign sína í sjóðum félagsins og einfalda aðkomu að henni. Inneign í varasjóði má m.a. nýta til að greiða fyrir líkamsrækt, orlof, menntun og margt fleira. Lagt er inn í sjóðinn eftir aðalfund ár hvert. VR varasjóður er myndaður með fjármunum úr Sjúkrasjóði VR og Orlofssjóði en vegna versnandi afkomu Sjúkrasjóðs síðustu ár hefur framlag þess verið lækkað en framlag sótt í félagssjóð á móti.

Á aðalfundi þann 27. mars 2019 var samþykkt tillaga um framlag í VR varasjóð, samtals kr. 785 milljónir fyrir árið 2018 auk viðbótarframlags að upphæð rúmlega kr. 8 milljónir vegna ársins 2017.

Greiðslur úr VR varasjóði 2019



Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2019 námu alls kr. 686.722.743 og fékk 17.141 einstaklingur greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða tæplega kr. 306 milljónir eða sem nemur um 45% af heildargreiðslum úr sjóðnum á árinu. Árið 2018 námu greiðslur úr sjóðnum kr. 658.253.722 til 16.449 einstaklinga. Alls áttu um 59 þúsund einstaklingar réttindi í VR varasjóði í lok árs 2019 og nam heildarupphæðin kr. 1.938 milljónum. Til samanburðar áttu um 55 þúsund einstaklingar réttindi í sjóðnum í lok árs 2018 að upphæð kr. 1.816 milljónir.

FÉLAGSMÁL

Viðbrögð við COVID-19 veirunni

Snemma árs 2020 barst COVID-19 veiran til Íslands og brugðust heilbrigðisyfirvöld við þeirri þróun m.a. með fyrirmælum um sóttkví þar sem þörf var talin á. Í byrjun mars 2020 náðist þríhliða samkomulag milli stjórnvalda, verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda um aðgerðir til þess að hægja á útbreiðslu veirunnar með því að tryggja að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum um sóttkví án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni. Samkomulagið felur m.a. í sér að Samtök atvinnulífsins beini því til atvinnurekenda að laun

Félagatal

Ár	Konur	Karlar	Samtals	Fullgildir félagsmenn við áramót	Snertingar við félagið
1997	9.540	5.441	14.981		21.319
1998	10.361	6.023	16.384		23.997
1999	11.286	6.602	17.888		26.457
2000	12.026	7.138	19.164		28.826
2001	12.601	7.470	20.071		29.342
2002	12.747	7.605	20.352		28.609
2003	12.964	8.023	20.987		29.442
2004	13.511	8.695	22.206		31.509
2005	13.871	9.351	23.222		34.395
2006	15.465	10.584	26.049		36.641
2007	16.014	11.423	27.437		40.464
2008	16.802	11.974	28.776		40.761
2009	16.491	11.574	28.065		37.527
2010	16.584	11.703	28.287		37.580
2011	16.804	12.036	28.840	24.319	38.152
2012	17.022	12.452	29.474	25.185	39.062
2013	17.072	12.709	29.781	25.760	39.278
2014	17.353	13.020	30.373	26.045	40.090
2015	17.672	13.430	31.203	26.628	41.368
2016	18.481	14.332	32.813	27.893	43.641
2017	19.250	15.981	35.231	29.977	46.866
2018	19.952	16.075	36.029	30.867	47.506
2019	20.700	16.675	37.375	32.320	48.326

Athugið að tölur yfir félagsmenn frá árinu 2011 eru tvískiptar, annars vegar sýna þær heildarfjölda félagsmanna og hins vegar fjölda fullgildra félagsmanna við áramót hvert ár. Upplýsingar um sambærilega skiptingu liggja ekki fyrir árin 1997 – 2010. Að auki eru birtar tölur yfir snertingar við félagið en þær sýna fjölda einstaklinga sem greiðir félagsgjald a.m.k. einu sinni tiltekið ár. Tölur fyrir árið 2019 eru að teknu tilliti til sameiningar VR og Verslunarmannafélags Suðurnesja.

verði greidd til aðila sem sæta sóttkví að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda, að Alþýðusambandið beini þeim tilmælum til aðildarsamtaka að sjóðfélagar í sjúkrasjóðum njóti óskertra greiðslna að tæmdum veikindarétti og að stjórnvöld beiti sér fyrir breytingum á lögum um sjúkratryggingar til að koma til móts við atvinnurekendur sem geta sótt um endurgreiðslu kostnaðar vegna fjarveru starfsmanna við tilteknar aðstæður.

Breytingar voru gerðar á þjónustu VR eftir að stjórnvöld lýstu yfir neyðarstigi vegna COVID veirunnar í mars 2020 og í kjölfarið samkomubanni og var afgreiðslu félagsins lokað frá og með 16. mars um óákveðinn tíma. Þessi ákvörðun var tekin með velferð félagsmanna að leiðarljósi. Símsvörun var efld sem og öll rafræn þjónusta og félagsmenn hvattir til að nýta sér þær leiðir til að hafa samband við félagið og sækja þjónustu.

Viðveru starfsfólks félagsins í vinnu var einnig breytt þannig að hluti starfsmanna vann að heiman hverju sinni en hluti á skrifstofum félagsins. Samkomubannið var sett á í fjórar vikur og þegar ársskýrslan fór í prentun var ekki búið að aflétta því.

Félagsgjald

Á aðalfundi VR þann 27. mars 2019 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7% af heildarlaunum. Lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skal þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 20 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma.

Þá var einnig samþykkt að 0,63% félagsgjalds renni í félagssjóð en 0,07% í Vinnudeilusjóð.

Laun stjórnarmanna

Á aðalfundi árið 2019 var samþykkt tillaga um að hækka stjórnarlaun úr kr. 49.694 á mánuði í kr. 51.225. Hækkunin var í samræmi við samþykkt aðalfundar 2016 um að laun stjórnarmanna hækki / lækki í takt við launavísitölu félagsins.

Sameining við Verslunarmannafélag Suðurnesja samþykkt

Á aðalfundi 27. mars 2019 var lögð fram tillaga um sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurnesja (VS). Viðræður um sameiningu félaganna hófust haustið 2018 og var tillagan borin fram í kjölfar hefðbundins samningaferlis og atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VS í mars 2019 þar sem sameining var samþykkt með 83% atkvæða. Tillagan var samþykkt samhljóða á aðalfundi VR og tók sameining félaganna gildi 1. apríl 2019.

VR flutti aðstöðu félagsins í Reykjanesbæ í byrjun árs 2020 í húsnæði að Krossmóa 4a en skrifstofan var áður til húsa að Vatnsnesvegi 14.

Öldungadeild VR stofnsett

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum í febrúar 2020 starfsreglur og hlutverk Öldungadeildar VR. Deildin er baráttuhópur fyrir réttindum aldraðra auk þess að vera umræðu- og samráðsvettvangur allra þeirra sem einhverntíma hafa greitt iðgjöld til VR og eru 65 ára og eldri. Hlutverk deildarinnar er að móta og endurskoða stefnu félagsins hverju sinni í málefnum eldri félagsmanna.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiði dráttarvexti

Í júní féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli VR gegn Atvinnuleysistryggingasjóði þar sem félagið krafðist þess að viðurkennt væri að félagsmenn VR sem þurftu að sæta ólögmætum skerðingum atvinnuleysisbóta á grundvelli laga sem sett voru árið 2014 fengju hinar vangoldnu bótagreiðslur greiddar með dráttarvöxtum. Málið vannst að fullu leyti VR í hag. Ríkið fyrir hönd Atvinnuleysistryggingasjóðs áfrýjaði málinu til Landsréttar en niðurstaða lá ekki fyrir áður en ársskýrslan fór í prentun.

Einn réttur – ekkert svindl!

VR tekur þátt í verkefni Alþýðusambands Íslands Einn réttur – ekkert svindl! Verkefninu var hrint af stokkunum í febrúar árið 2016 og er beint gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi.

STARFSEMI OG REKSTUR FÉLAGSINS

Samstarf við Neytendasamtökin

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum í ágúst 2019 tillögu um að leggja Neytendasamtökunum fjárhagslegt lið vegna mögulegra dómsmála samtakanna gegn smálánafyrirtækjum. VR og samtökin hafa hvatt lántakendur til að hætta að greiða af lánum nema að fenginni sundurliðun á kröfum sínum þar sem margt bendi til þess að innheimtan sé ekki í samræmi við lög.

Mannfagnaðir

Rúmlega 600 eldri félagsmenn sátu árlegt kaffisamsæti á **uppstigningardegi 2019** en löng hefð er fyrir því að félagið heiðri eldri félagsmenn sína á þessum degi.

VR bauð einnig til kaffisamsætis að lokinni kröfugöngu og útifundi í Reykjavík **1. maí** eins og venja er. Alls þáðu rúmlega 1.500 manns veitingar í Laugardalshöll að þessu sinni. Fjórða árið í röð skipulagði VR fjölskylduhlaup á Klambratúni í Reykjavík í tilefni af 1. maí og var það vel sótt að venju.

VR stóð fyrir **jólatónleikum** og **jólaballi** fyrir félagsmenn í desember 2019 eins og verið hefur undanfarin ár. Alls sóttu um 500 félagsmenn og börn þeirra jólaballið að þessu sinni.

Styrkveitingar 2019

VR veitti styrki að upphæð tæplega 14 milljónir króna árið 2019 til ýmissa líknarsamtaka og stofnana. Þar af samþykkti stjórn að styrkja hjálparsamtök sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna um fimm milljónir króna jólin 2019.

Gullmerki afhent á aðalfundi

Þrír fengu afhent gullmerki VR á aðalfundi félagsins 27. mars 2019. Þau eru Rannveig Sigurðardóttir, félagsmaður til 33 ára sem sat í stjórn VR í átta ár og tuttugu ár í trúnaðarráði; Einar M. Nikulásson sem starfaði hjá félaginu í 29 ár og sat nær óslitið í trúnaðarráði í rúm 20 ár; og Elías G. Magnússon sem starfaði hjá VR í 28 ár og sat í trúnaðarráði sem aðal- eða varamaður í meira en áratug.

RANNSÓKNIR OG KANNANIR

Fyrirtæki ársins 2019

Fyrirtæki ársins 2019, samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar VR, voru alls fimmtán. Sigurvegararnir í hópi stórra fyrirtækja voru LS Retail, Nordic Visitor, PwC, Sjóvá og Vörður tryggingar. Í hópi millistórra fyrirtækja voru það Cyren, dk hugbúnaður, Tengi, Toyota á Íslandi og TRS og í hópi lítilla fyrirtækja voru það Attentus – mannauður og ráðgjöf, Bókhald og uppgjör, Egill Árnason, Eirvík og Microsoft Ísland. Fimmtán efstu fyrirtæki í hverjum stærðarflokki fengu titilinn **Fyrirmyndarfyrirtæki 2019**. Könnunin var gerð í upphafi árs 2019 og voru niðurstöður birtar í maí. Í endanlegu úrtaki voru rúmlega 34 þúsund einstaklingar og var svörun um 36%.

Launarannsókn 2019

Launareiknivélin á Mínum síðum á vef VR hefur verið í þróun í tæp þrjú ár en niðurstöður hennar voru birtar á opnum vef í fyrsta skipti 2019; um miðjan maí voru birtar niðurstöður fyrir febrúar og um miðjan desember voru birtar niðurstöður fyrir september. Markmið með launareiknivélinni er að hún taki við af launakönnun VR en félagið stóð fyrir könnun á launakjörum félagsmanna sinna árlega í tvo áratugi til ársins 2018. Ekki var því gerð launakönnun árið 2019 og verður hún nú gerð á nokkurra ára fresti.

Samkvæmt niðurstöðum **launarannsóknar** í september 2019 voru heildarlaun félagsmanna VR að meðaltali kr. 666 þúsund og höfðu þá hækkað um 2,1% á sjö mánaða tímabili eða frá febrúar. Miðgildi heildarlauna hækkaði um 2,5% á sama tímabili og var kr. 615 þúsund. Grunnlaun í september voru kr. 657 þúsund að meðaltali og höfðu hækkað um 2% frá febrúar. Miðgildi grunn-

32.320

Fullgildir félagsmenn við síðastliðin áramót.

launa var kr. 606 þúsund og nam hækkunin 2,5% á sama tímabili. Launarannsóknir ársins 2019 byggja á 11-13 þúsund skráningum en félagsmenn VR á árinu voru að meðaltali rúmlega 37 þúsund talsins.

Aðrar kannanir

Könnun um viðhorf til stofnunar stjórnmálaafls verkalýðshreyfingarinnar var gerð í desember 2019 af könnunarfyrirtækinu MMR fyrir VR og bárust alls 1.040 svör. Könnunin var lögð fyrir álitsgjafa MMR í spurningavagni. Þriðjungur svarenda var hlynntur því að verkalýðshreyfingin stofni stjórnmálaafl og bjóði fram í næstu alþingiskosningum. Nær einn af hverjum fjórum svarendum sagði það líklegt að hann myndi kjósa þann flokk, ef hann byði fram.

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VR blaðið kom út fjórum sinnum á starfsárinu, þar af voru þrjú tölublöð í aldreifingu á landinu öllu. Upplag í aldreifingu var 112 þúsund en annars var upplag rúmlega 27 þúsund.

Notendur vefsíðu félagsins voru að meðaltali rúmlega 33 þúsund á mánuði á starfsárinu, m.v. talningu Google analytics vefmælingarkerfisins. Alls skráðu 7.683 félagsmenn sig inn á **Mínar síður** að meðaltali í hverjum mánuði á tímabilinu sem er 12% aukning frá árinu áður. Á árinu 2019 skráðu rúmlega 30 þúsund sig inn á Mínar síður, miðað við einkvæma talningu. Það eru bæði greiðandi félagsmenn og einstaklingar sem eiga réttindi í sjóðum félagsins.

VR stóð fyrir viðamikilli auglýsingaherferð til að kynna styttingu vinnuvikunnar sem samið var um í kjarasamningum vorið 2019. Styttingin tók gildi frá og með 1. janúar 2020. Herferðin fól í sér sjónvarpsauglýsingar sem vöktu mikla athygli, blaða- og vefauglýsingar, greinarskrif og ítarlega umfjöllun á vef félagsins þar sem félagsmönnum og atvinnurekendum stóðu til boða ýmis verkfæri og tillögur til að auðvelda styttingu vinnutímans.

Þá voru auglýsingar félagsins í herferðinni **„Þekktu þín mörk“** birtar aftur haustið 2019. Markmiðið með herferðinni er að vekja athygli á og hvetja til umræðu um álag í starfi og hvernig hægt er að vinna gegn því. VR stóð fyrir fjölmennri ráðstefnu um forvarnir gegn kulnun fimmtudaginn 28. nóvember 2019 þar sem fræðimenn og sérfræðingar á fjölbreyttum sviðum fóru yfir einkenni kulnunar, hvernig hægt er að viðhalda góðri heilsu og fyrirbyggja kulnun en einnig hvernig hægt er að snúa við óheillavænlegri þróun með lífsstílsbreytingum. Rúmlega 160 sátu ráðstefnuna en að auki fylgdust meira en 80 manns með henni í beinu streymi á vef VR.

VR var getið í fréttum á árinu 2019 alls 2.653 sinnum eða 43% oftar en árið 2018. Langoftast var fjallað um félagið á netmiðlum. Umfjöllun um VR var mest í febrúar til apríl og má rekja það til stöðu kjaramála á þeim tíma en skrifað var undir nýja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í byrjun apríl, sjá umfjöllun á bls. 8.

FYRIRLESTRAR, NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

VR bauð upp á 7 hádegisfyrirlestra á starfsárinu sem 369 félagsmenn sóttu. Þá voru haldin 12 almenn námskeið og sóttu þau alls 236 félagsmenn. Einnig var boðið upp á aðstoð við skil skattframtalsins í mars 2020 sem rúmlega 30 félagsmenn nýttu sér.

Haldin voru 9 námskeið sérstaklega fyrir trúnaðarmenn og sóttu þau 203 trúnaðarmenn. Auk þess var haldinn vinnufundur fyrir trúnaðarráð og trúnaðarmenn í september 2019 undir heitinu **Komdu á trúnó** þar sem áhersla var lögð á umfjöllun um styttingu vinnuvikunnar. Fundinn sátu um 100 trúnaðarráðs- og trúnaðarmenn.

VR-Skóli lífsins

Í byrjun mars 2020 höfðu alls 5.989 einstaklingar lokið við VR-Skóla lífsins frá því að honum var komið á fót í september 2014 samanborið við 4.805 á sama tíma árið 2019. Markmið VR-Skóla lífsins er að undirbúa ungt fólk á aldrinum 16 til 24 ára fyrir þátttöku á vinnumarkaði og kynna því réttindi og skyldur í starfi. Menntastofnanir hafa tekið VR-Skóla lífsins opnum höndum og hafa 17 framhaldsskólar kennt námskeiðið.

Fræðsla fyrir nemendur

VR hefur síðastliðna tvo áratugi staðið fyrir kynningu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og í flestum framhaldsskólum á félagssvæði sínu. Alls voru haldnar 53 kynningar fyrir tæplega 3.000 nemendur á starfsári stjórnar 2019 – 2020. Á skólaárinu 2019 – 2020 halda fulltrúar VR kynningar í 87% grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og flestum grunnskólum á félagssvæði VR á Austurlandi og Suðurlandi.

STARFSEMI OG REKSTUR FÉLAGSINS

SKIPULAG SKRIFSTOFU VR

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi, Suðurnesjum, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fjögur svið sem eru kjaramálasvið, fjármála- og rekstrarsvið, þjónustu- og mannauðssvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

Starfsemi skrifstofu

VR fylgir skýrum stefnum um starfsemi skrifstofu félagsins. Í gæðahandbók félagsins eru m.a. birtar eftirfarandi stefnur sem varða störf starfsmanna, aðstöðu þeirra, réttindi, heilsu og öryggi og falla undir viðmið um samfélagsábyrgð (ESG, Environmental, Social, Governance): Starfsmannastefna, jafnréttisstefna skrifstofu, heilbrigðisstefna skrifstofu, innri upplýsingastefna, stefna um upplýsingaöryggi, eineltisstefna og persónuverndarstefna.

Eitt vinnuslys var skráð á skrifstofu félagsins á árinu 2019.

Starfsmenn skrifstofu

Í byrjun mars 2020 voru 66 starfandi hjá VR í tæplega 59 stöðugildum. Frá 1. mars 2019 til 29. febrúar 2020 hættu eftirtaldir störfum hjá félaginu: Hansína Gísladóttir á þjónustu- og mannauðssviði, Kristjana Katrín Þorgrímsdóttir og Sigurveig Þórhallsdóttir á þróunarsviði.

Á sama tímabili hófu eftirtaldir störf: Salbjörg Björnsdóttir á þjónustu- og mannauðssviði, Gísli Lúðvík Kjartansson á fjármála- og rekstrarsviði, Bryndís Kjartansdóttir á kjaramálasviði og Elva Hrönn Hjartardóttir á þróunarsviði.

Eva Laufey Eggertsdóttir og Davíð Sveinn Bjarnason voru í sumarafleysingum og hlutastarfi samhliða námi og Sólrún Ástvaldsdóttir í tilfallandi verkefnavinnu.

FASTRÁÐNIR STARFSMENN Á SKRIFSTOFU 1. MARS 2020

Formaður Ragnar Þór Ingólfsson

Framkvæmdastjóri Stefán Sveinbjörnsson

Fjármála- og rekstrarsvið

Oddur Gunnar Jónsson	Forstöðumaður
Auður Búadóttir	Bókhald
Birgir Georgsson	Eignaumsýsla
Björn H. Björnsson	Upplýsingatækni
Emil Gústafsson	Umsjón orlofseigna
Gísli Lúðvík Kjartansson	Umsjón orlofseigna
Guðleifur Guðmundsson	Miðhúsaskógur
Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir	Gæða- og skjalamál
Sonja Steinarsdóttir	Rekstur tölvukerfa
Viktor E. Viktorsson	Upplýsingatækni

Kjaramálasvið

Bryndís Guðnadóttir	Forstöðumaður
Berglind Laufey Ingadóttir	Kjaramál
Bryndís Kjartansdóttir	Kjaramál
Gils Einarsson	Kjaramál
Hildur Margrét Hjaltested	Kjaramál
Jakob Einarsson	Kjaramál
Júnía Þorkelsdóttir	Kjaramál
Kristín María Björnsdóttir	Kjaramál
Málfríður Þorkelsdóttir	Kjaramál
Teitur Lárusson	Kjaramál
Viktoría Jensdóttir	Kjaramál
Þorsteinn Skúli Sveinsson	Kjaramál
Þorsteinn S. Sveinsson	Kjaramál

Þjónustu- og mannauðssvið

Herdís Rán Magnúsdóttir	Forstöðumaður
Ásta Björk Ólafsdóttir	Þjónustuver
Ástríður Valbjörnsdóttir	Sjúkrasjóður
Elín Matthildur Andrésdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Erla Bryndís Ingadóttir	Þjónustuver
Erna Eyjólfsdóttir	Þjónustuver
Eymundur G. Hannesson	Starfsendurhæfing - VIRK
Heiða Björg Tómasdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Heiða Kristín Líndal	Starfsendurhæfinga - VIRK
Hildur Guðjónsdóttir	Starfsendurhæfinga - VIRK
Hulda Gunnarsdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Inga Hanna Ingólfsdóttir	Þjónustuver
Katrín Magnúsdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Katrín Sólveig Sigmarsdóttir	Þjónustuver
Malgorzata Maria Madej	Mötuneyti
Ragna Steina Þorsteinsdóttir	Þjónustuver
Rannveig Rögnvaldsdóttir	Sjúkrasjóður
Rósmarý Úlfarsdóttir	Deildarstjóri þjónustu
Salbjörg Björnsdóttir	Þjónustuver
Sigrún Lína Sigurðardóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Sigrún Svava Gísladóttir	Þjónustuver
Soffía Einarsdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Sóley Garðarsdóttir	Þjónustuver
Þorgrímur Guðmundsson	Þjónustuver
Þórarinn Þórsson	Starfsendurhæfing - VIRK
Þórunn Jónsdóttir	Orlofssjóður

Þróunarsvið

Árni Leósson	Forstöðumaður
Anna Lilja Björnsdóttir	Trúnaðarmenn og viðburðir
Árdís Birgisdóttir	Markaðsmál og viðburðir
Elva Hrönn Hjartardóttir	LÍV og trúnaðarmenn
Fjóla Helgadóttir	Vefur og markaðsmál
Sandra Ósk Jóhannsdóttir	Starfsmenntamál og viðburðir
Selma Kristjánsdóttir	Starfsmenntamál
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir	Starfsmenntamál

Greiningar

Steinunn Böðvarsdóttir	Tölfræði og greiningar
Viðar Ingason	Hagfræðingur

Vinnustaðaeftirlit

Hermann Guðmundsson	Kjarasamningar
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir	Kjaramál

KJÖRIN STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ ÁRIÐ 2019

Stjórnarmenn eru alls 15 auk þriggja í varastjórn, 7 meðstjórnendur sátu áfram kjörnir árið 2018, sjá bls. 7. Á aðalfundi 27. mars 2019 tóku neðangreindir sæti í forystu félagsins.

Sjö stjórnarmenn til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Selma Árnadóttir
Sigurður Sigfússon
Harpa Sævarsdóttir
Björn Kristjánsson
Helga Ingólfsdóttir

Þrír varamenn til eins árs:

Þorvarður Bergmann Kjartansson
Anna Þóra Ísfold
Sigmundur Halldórsson

TRÚNAÐARRÁÐ

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð. Í lögunum segir m.a.:

„... Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra. ...“

Framboðsfrestur til að skila inn listum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2019 – 2021 rann út á hádegi þann 11. febrúar 2019. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR og var hann réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í stafrófsröð hér að neðan. Helmingur trúnaðarráðs sat áfram, kosinn til tveggja ára árið 2018.

Anna Þórðardóttir Bachmann	PricewaterhouseCoopers ehf.
Álfhildur Sigurjónsdóttir	DHL Express Iceland ehf.
Árni Leósson	VR
Áslaug Alexandersdóttir	Byko ehf.
Birgir Már Guðmundsson	SORPA bs.
Birgitta Ragnarsdóttir	Icetransport ehf.
Björg Gilsdóttir	Aðalskoðun hf.
Björgvin Ingason	Teitur Jónasson ehf.
Björn Axel Jónsson	Melabúðin ehf.
Erla María Vilhjálmsdóttir	Distica hf.
Freyja Lárusdóttir	VIRK Starfsendurhæfingarsjóður
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir	Hagkaup
Guðlaugur Sæmundsson	Íslandshótel hf.
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir	Icepharma hf.
Halldóra María Steinarsdóttir	Byko ehf.
Hilmar Kristjánsson	Nordic Visitor hf.
Ingimar Þorsteinsson	Marel Iceland ehf.
Jakob Þór Einarsson	VR
Jóhann Már Sigurbjörnsson	Bændasamtök Íslands
Jón Guðmundur Björgvinsson	Origo hf.
Jón Hrafn Guðjónsson	Flügger ehf.
Kjartan Már Másson	Ísaga ehf.
Kristinn Örn Jóhannesson	Grand Circle Iceland ehf.
Óskar Guðmundsson	Samskip hf.
Páll Örn Líndal	Festi hf.
Ragnar Orri Benediktsson	Ríkisútvarpið ohf.
Selma Kristjánsdóttir	VR
Sesselja Jónsdóttir	Forlagið ehf.
Sigrún Guðmundsdóttir	Miklatorg hf.
Sigurbjörg Þorláksdóttir	Bókhald og þjónusta ehf.
Silja Hlín Guðbjörnsdóttir	Nordic Visitor hf.
Soffía Óladóttir	Egilsson ehf.
Stefán Viðar Egilsson	Tengi ehf.
Steinar Viktorsson	Byko ehf.
Steinunn Böðvarsdóttir	VR
Steinþór Ásgeirsson	Kortaþjónustan hf.
Sveinbjörn F. Pétursson	Ormsson ehf.
Valva Árnadóttir	Penninn ehf.
Þorsteinn Þórólfsson	Húsasmiðjan ehf.
Þóra Kristín Halldórsdóttir	SERVIO ehf.
Þröstur Ríkarðsson	Ásbjörn Ólafsson ehf.

TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM

Trúnaðarmenn VR á vinnustöðum voru alls 253 í byrjun mars árið 2019 en voru 218 í sama mánuði árið áður. Listi yfir trúnaðarmenn er birtur á heimasíðu VR, **www.vr.is**.



General activities and services 2018 – 2019

	2019	2018
Number of members	37,375	36,029
Members who paid union dues at least once during the year	48,326	47,506
Employment terms under examination for members	1,920	1,947
Vocational and leisure activity grants, no. of members	8,159	7,381
Grants from VR Contingency Fund, no. of members	17,141	16,449
No. of benefit recipients from VR Sick Pay Fund	1,552	1,471
No. of new registrations for services from VIRK counsellors at VR	397	394
Use of holiday cottages, number of leases	4,920	4,621

2019 Key figures

Profit and Loss Account	
Membership fees	1.479.208.543
Sick Pay Fund premiums	2.059.076.529
Holiday Fund premiums	504.817.137
Lease of holiday cottages and other holiday services	301.181.134
Other income	198.010.960
Total income	**4.542.294.303**
Benefits and grants	2.010.258.238
Payments from Contingency Fund	686.722.743
Operating expenses	2.055.437.784
Total expenses, benefits and grants	**4.752.418.765**
Financial items	1.137.371.060
Net income available for use	**927.246.598**

COLLECTIVE WAGE AGREEMENTS 2019

New collective wage agreements were signed in the general labour market at the beginning of April 2019 after difficult negotiations and strikes, the first employed by VR for over 30 years. The agreements involve a new approach to improved living standards. VR negotiates a comprehensive collective wage agreement with the Confederation of Icelandic Employers (SA), on the one hand, and the Icelandic Federation of Trade (FA), on the other. The majority of VR members work in accordance with the agreement with SA.

